



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000

# VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 5. JÚNÍ 2024 // 23. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

## Gosmökkur í ýmsum litum

Sprengivirkni hófst í gosinu við Grindavík þegar kvikan komst í snertingu við grunnvatn þar sem hraunstraumur fór ofan í sprungu til móts við Haga-fell. Þá snögghitnar vatnið og framkallar gufusprengingar og gjóskufall. Á myndum með fréttinni má sjá hvernig dökkur reykur frá sprengingunum reis hátt til himins en um tíma var gosmökkurinn í ýmsum litum.

VF/Hilmar Bragi



## Gosin fara stækkandi og engin merki um að dragi úr innrennsli kviku að neðan

„Gosin fara heldur stækkandi og það má skýra með því að nú er sáralítill gliðnun sem tengist gosunum. Því þarf að byggjast upp meiri þrýstingur nú en í upphafi. Þess vegna verða gosin stærri. Sprengivirknin sem við höfum séð telst minni háttar og stafaði af því að hraunið fossaði ofan í sprungu sem opnaðist og komst þar í snertingu við grunnvatnið,

þá er algengt að af stað fari öflug sprengivirkni þar sem hvellsuða vatnsins tætir kvikuna í sundur. En það er engin ástæða til að ætla að við fáum raunveruleg sprengigos á þessum sprungum. Það gæti gerst ef gýs í sjó, eins og má búast við þegar gýs við Reykjanes, hvenær sem það verður. Miðað við söguna er líklegra að það gerist eftir nokkra

áratugi eða jafnvel aldri,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Hann segir í samtali við Víkurfréttir að eldsambrotin við Grindavík séu svipuð því sem sást í Kröflueldum, bara á öðrum tímaskala. Engin merki hafa komið fram sem benda til þess að það dragi úr innrennsli kviku að neðan.

Meðan svo er, er ekkert hægt að segja til um hve lengi þessi virkni mun standa. „Gosvirkninni sem nú er búin að vera í gangi gæti hætt í sumar, en hún gæti líka staðið í ár í viðbót. Við höfum einfaldlega ekkert í höndunum til að segja fyrir um lokin á þessum atburðum.“

Sjá nánar í viðtali á síðu 18 í blaðinu í dag.



## Suðurnesjabær tekur aftur við rekstri Sólborgar

Samkomulag hefur verið undirritað af Suðurnesjabæ og Skólum ehf. varðandi samningslok um rekstur leikskólans Sólborgar í Sandgerði. Samkomulagið var staðfest á fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar miðvikudaginn 29. maí.

Í samkomulaginu felst að Suðurnesjabær mun taka yfir rekstur leikskólans eigi síðar en 30. júní 2024 og áhersla er lögð á vinna yfirfærsluna í góðu samstarfi við starfsfólk, börn og foreldra.

Fundir voru haldnir með starfsfólki leikskólans og foreldrum barna í síðustu viku.

„Áhersla Suðurnesjabæjar er að tryggja gott faglegt starf leikskólans í samstarfi við öflugt starfsfólk, foreldra og börn.

Framundan er vinna við að leysa úr húsnæðismálum leikskólans fram að sumarfríi með það fyrir leiðarljósi að starfsaðstaður og öryggi allra sé uppfyllt. Að loknu sumarfríi mun öll starfsemi leikskólans vera í nýju húsnæði að Grænuborg við Byggðaveg,“ segir í tilkynningu frá Suðurnesjabæ.

## Gervigrasið í Sandgerði

Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur til við bæjarstjórn að gervigrasvöllur í Suðurnesjabæ fyrir bæði lið sveitarfélagsins verði reyst á aðalvællinum í Sandgerði. Allir nauðsynlegir innviðir eru til staðar á aðalvællinum í Sandgerði eins og til dæmis 340 manna stúka, salernisaðstaða fyrir áhorfendur, vélageymsla og plássgott félagsheimili.

## Minningarathöfn um drukknada sjómenn



– Sjá síður 16–17

nettó

6.–9. júní



24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



## Sumarstarfsmaður

Íslandshús ehf. leitar að sumarstarfsmanni til vinnu í sumar.

Við erum staðsett á Ásbrú og leitum að einstaklingi milli 18 og 30 ára til að vinna frá 8 til 17 alla virka daga.

Fyrirtækið framleiðir forsteyptar einingar úr steypu.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Brynjari í netfangið [brynjar@islandshus.is](mailto:brynjar@islandshus.is)



Júlía og Sóley við Rauðhöfða.

## Rauðhöfði kominn í sumarþúning

Hvalurinn Rauðhöfði við Akur-skóla í Innri-Njarðvík er kominn í fallegan sumarþúning. Þær Júlía María Blasik og Sóley Guðjónsdóttir, nemendur í 10. bekk, ákváðu að hvalurinn yrði skreyttur sumarblómum í ár.

Rauðhöfði er málaður af nemendum skólans annað hvert ár.

Rauðhöfði var upphaflega unnin í steypu árið 2015 af nemendum skólans í tilefni tíu ára afmælis skólans. Þá komu nemendur sjálfir með hugmyndir og teikningar um hvernig þessi töfra skepna ætti að líta út.

Þjóðsagan um Rauðhöfða átti að gerast á Suðurnesjunum. Suður-

nesjamaður breytist í mikið illhveli eftir að hann er lagður í álög af álfkonu sem hann átti að hafa svikið.

Málningarverslunin Slippfélagið í Reykjanesbæ studdi verkefnið með að því gefa okkur málninguna og Dominos gaf listakonunum pizzu fyrir að fegra umhverfið.

## Loftrýmisgæsla hefst í vikunni

Bandarísk flugsveit er væntanleg til landsins í vikunni, en þá hefst loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins. Flugsveitin samanstendur af fjórum F-15 herþotum og 120 liðsmönnum. Frá þessu er greint á vef stjórnarráðsins.

Sveitin tekur þátt í verkefninu ásamt starfsmönnum stjórnstöðva Atlantshafsbandalagsins í Uedem í Þýskalandi og á öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli.

Framkvæmd verkefnisins verður með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár og í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun Atlantshafsbandalagsins fyrir Ísland.

Með fyrirvara um veður er gert ráð fyrir aðflugsæfingum á varaflugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum á tímabilinu 3. til 17. júní.

Flugsveitin hefur aðsetur á öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli ásamt flugsveitum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins sem sinna kaþbátaeftirliti úti fyrir ströndum Íslands. Varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands annast framkvæmd verkefnisins, í umboði utanríkisráðuneytisins, í samstarfi við Isavia.

Ráðgert er að loftrýmisgæslunni ljúki í síðari hluta júnímánaðar.



F-15 þotur á Keflavíkurlugvelli. Ljósmynd: Landhelgisgæslan

## Tokyo Sushi tekur við af Bridge á Marriott hótelinu

Veitingastaðurinn Tokyo Sushi opnar á Courtyard by Marriott hótelinu í Reykjanesbæ 1. júlí og mun leysa af hólmi The Bridge Restaurant & Bar. Tokyo Sushi býður upp á nýstárlega japanska matargerð en þrjár veitingastaðir fyrirtækisins eru starfræktir á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem Tokyo Sushi er í verslunum Krónunnar.

Tokyo Sushi er þekkt fyrir matseðil sem inniheldur margskonar sushi, sashimi og aðra japanska rétti sem eru útbúnir með ferskuustu fánlegu hráefnum.

„Ég er í skýjunum yfir framtíðarsamstarfi með Tokyo Sushi. Þetta er eitt stærsta og flottasta nafnið í bransanum og ég er mjög stoltur af því að geta boðið hann velkominn til Suðurnesja. Tokyo Sushi nýtur mikilla vinsælda og þetta verður því eitthvað til þess að kæta heimafólkið, að gera þeim kleift að nálgast hágæða sushi í



sínunum eigin heimabæ,“ segir Ívar S. Karvelsson, hótélstjóri.

Stjórnendur Courtyard by Marriott lýstu yfir ánægju sinni með nýja samstarfið og sögðu að Tokyo Sushi væri kærkominn viðbót á

torgið sem er í mikilli uppbyggingu. Þá vildu þeir koma á framfæri þakklæti til viðskiptavina Bridge veitingastaðarins frá opnun hótelsins.

Allt hreint

Umhverfissvöttuð rástingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [ALLTHREINT.IS](http://ALLTHREINT.IS)

16 FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 [f FINN DU OKKUR Á FACEBOOK](https://www.facebook.com/argoflutningar)

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
VF **magasín**





**11.–17. júní**

# **30 ÁRA AFMÆLI REYKJANESBÆJAR**

**30  
ÁRA**

## **Viðburðarík dagskrá framundan**

Afmælistónleikar með Rögggu Gísla, Friðriki Dór, Albatross, Sverri Bergmann og Jóhönnu Guðrúnu – krakkafjör í Fimleikaakademíunni með Íþróttáálfinum og Sollu stírðu – söguganga í Höfnum – litahlaup fyrir fjölskylduna – 17. júní hátíðarhöld og margt fleira.

Stórskemmtileg dagskrá alla vikuna – kynntu þér fjörið á [30ara.is](http://30ara.is)

**VERTU MEÐ Í VEISLUNNI**





## Eybór Rúnar Þórarinsson ráðinn slökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja

Stjórn Brunavarna Suðurnesja hefur ákveðið að ráða Eybór Rúnar Þórarinsson til starfa sem slökkviliðsstjóra Brunavarna Suður. Það var mat stjórnar að hann hafi verið hæfasti umsækjandinn um starfið segir í tilkynningu frá stjórn BS.

Eybór Rúnar hefur unnið hjá Brunavörnum Suðurnesja í 25 ár og hefur þekkingu, skilning og reynslu á bæði brunamálum og sjúkraflutningum. Hann hefur reynslu af rekstri og áætlanagerð, m.a. sem þjálfunarstjóri þar sem hann hélt utan um þjálfunar-áætlun og kostnaðaráætlun henni tengdri. Þá hefur Eybór komið að greinargerðum og kostnaðaráætlunum tengdum m.a. eldsmbrotum auk þess að vera með reynslu af því að starfa í kröfuhörðu umhverfi og hefur sýnt fram á hæfni til að taka ákvarðanir undir álagi.

Eybór Rúnar er löggiltur slökkviliðsmaður frá 2001,



menntaður í slökkviliðsfræðum, er með kennsluréttindi frá Sjúkraflutningaskólanum, er leiðbeinandi frá Rauða Krossinum og hefur þjálfað og kennt sjúkraflutningafólki auk slökkviliðsfólks innan Brunavarna Suðurnesja og hjá öðrum liðum.

## Þjónustumiðstöðvar Almanna- varna hættar starfsemi

Þjónustumiðstöðvar Almanna- varna í Tollhúsinu og í Reykjanesbæ hættu starfsemi þann 1. júní síðastliðinn. Frá 15. nóvember sl. hefur ríkislögreglustjóri, í samstarfi við Rauða krossinn og Grindavíkurbæ, rekið þjónustumiðstöð Almanna- varna í Tollhúsinu vegna jarðhræringanna á Reykjanesi.

Verkefni þar hafa falist í stuðningi við íbúa Grindavíkurbæjar og boðið hefur verið upp á samveru og kaffítár ásamt leikhorni fyrir börn. Rauði krossinn hefur boðið upp á sálfélagsglegan stuðning og félagsleg ráðgjöf hefur verið í höndum starfsfólks Grindavíkurbæjar. Upplýsingagjöf, fræðsla og ráðgjöf af ýmsu tagi hefur verið veitt og var sá stuðningur útfærður í samræmi við þarfir og óskir íbúa Grindavíkurbæjar. Um mánaðamótin hætti starfsemi þjónustumiðstöðva Almanna- varna í Tollhúsinu og í Reykjanesbæ.

Bæjarskrifstofur Grindavíkurbæjar verða áfram starfræktar í



Tollhúsinu og er opnunartíminn frá 10-16 alla virka daga. Þangað er hægt að hafa samband og bóka viðtal við félagsráðgjafa í síma 420-1100. Jafnframt mun Rauði krossinn hafa mánuðagskaffi fyrir Grindvíkinga á mánuðögum milli kl. 14-16 að Smiðjuvöllum 9 í Reykjanesbæ út júní.

## Þjónustuteymi fyrir Grindvíkinga tekur til starfa

Alþingi hefur sett á fót framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ. Hún fer með stjórn, skipulagningu og samþæfingu aðgerða, tryggir skilvirka samvinnu við sveitarstjórn og opinbera aðila og hefur heildaryfirsýn yfir málefni Grindavíkurbæjar.

Framkvæmdanefndin hefur sett á fót þjónustuteymi sem á að styðja við íbúa Grindavíkur, bæði þá sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu og



þá sem hafa flutt eða stefna á að flytja lögheimili í annað sveitarfélag. Þjónustuteymið á að tryggja samþættan og markvissan stuðning við Grindvíkinga m.a. vegna skóla- og tómstundastarfs barna og ungmenna, atvinnuleitar og virkni, húsnæðismála og sálfélaglegs stuðnings. Þjónustuteymið býður upp á viðtöl til að veita upplýsingar og ráðgjöf um þau fjölbreyttu mál sem nefnd eru hér að framan ásamt því að eiga, fyrir hönd íbúa, samskipti við sveitarfélög þar sem þeir hafa komið sér fyrir. Þjónustuteymið hóf störf sl. mánudag, 3. júní.

Þjónustuteymi fyrir íbúa Grindavíkurbæjar verður starfrækt í Borgartúni 33. Þar er hægt að hafa samband og bóka viðtal hjá ráðgjöfum teymisins. Nánari upplýsingar má finna á Ísland.is



Sólrún Alda Waldorff tekur við bókinni sem Lóa Birna, Linddís Lilja og Saga Pála sömdu um eldsvoðann og bataferlið. Í baksýn eru bekkjarsystkini stúlkanna ásamt Dagbjörtu útí kennara.

## „Það þarf að minna fólk á“

Nemendur í 6. bekk Varmárskóla afhentu Sólrúnu Öldu Waldorff bók sem þeir sömdu um batagöngu hennar síðan hún slasaðist alvarlega í eldsvoða fyrir nokkrum árum.

Grindvíkingurinn Sólrún Alda heimsótti skólann fyrr í vetur og sagði nemendum sögu sína, en heimsóknin var liður í verkefni um eldvarnir. Í kjölfarið ákváðu þrjár stúlkur að taka viðtal við Sólrúnu Öldu og semja um hana heila bók sem þær afhentu henni nýverið.

„Þetta er svolítið skrítið,“ segir Sólrún Alda um bókina „en mér finnst frábært að svona ungar stelpur hafi áhuga á að vera öruggar og hafi áhuga á eldvörnum.“

Er auðvelt fyrir þig að koma hingað í skólann og segja söguna?

„Nei, það er ekki auðvelt! En mér finnst þetta mikilvægt. Ég held að fólk þæli ekkert mikið í eldvörnum og því að vera öruggt. Maður heldur alltaf að þetta komi ekki fyrir sig,“ segir Sólrún Alda Waldorff.

Sólrúnu Öldu var haldið sofandi í heilan mánuð eftir að henni var bjargað úr eldsvoða í Hlíðunum í



Sólrún Alda ásamt Dagbjörtu Brynjarsdóttur útí kennara í Varmárskóla.

Reykjavík haustið 2019. Hún hlaut alvarleg brunasár og var um tíma ekki hugað líf. Hún hefur síðan

verið í endurhæfingu og gengið í gegnum margar húðágræðslur. Skólaheimsóknin er einn liður í bataferlinu.

Erfitt að skrásetja reynslu Sólrúnar Öldu

Eldvarnir eru meðal þess sem fjallað er um í útí kennslu í skólanum og áttu lokaverkefni nemenda að snúa að því. En hvers vegna völdu ellefu ára stelpur einmitt þetta viðfangsefni?

„Við ætluðum bara að gera verkefni um eldvarnir, af því að hún Sólrún Alda lenti í eldsvoða,“ segir Linddís Lilja Dal Lárusdóttir.

Saga Pála Guðjónsdóttir bætir við að það verði að vera greiðar útgönguleiðir, sýnileg slökkvitæki og reykskyngjarar í öllum herbergjum ef það skyldi kvikna í: „Það þarf að minna fólk á þetta.“ En var þetta erfitt verkefni? „Ég myndi ekki segja að það hafi verið erfitt að búa bókina til,“ segir Lóa Birna Boga-dóttir, „en það var erfitt að sjá hvað hún Sólrún Alda er brunnin.“ „Og í hverju hún lenti,“ bætir Saga Pála við.



## Nærri fjögurhundruð manns í sumarstörfum hjá Isavia

Alls hafa 370 einstaklingar verið ráðnir í sumarstörf hjá Isavia og gengu ráðningar vel að sögn Brynjars Más Brynjólfssonar, mannaússtjóra Isavia. Þetta kemur fram á heimasíðu Isavia.

„Okkur bárust 1.377 umsóknir um sumarstörf. Meirihluti þessara aðila mun koma til starfa á Keflavíkurflugvelli, hjá Isavia og Frihöfninni. Um 35% þessara einstaklinga hafa starfað hjá okkur áður,“ segir Brynjar.

„Stærstu ráðningarnar okkar eru í flugvernd, það er að segja í öryggisleit farþega, áhafna, starfsfólks og farangurs en í þær deildir ráðum við um 140 einstaklinga. Önnur störf sem við ráðum í eru t.d. farþegaþjónusta þar sem einstaklingar eru m.a. að stýra flæði farþega í brottfarasal og aðstoða PRM farþega, þá aðila sem þurfa aðstoð við að komast í gegnum flugstöðina út í flugvél vegna fötlunar eða annarra ástæðna. Allir

sem hefja störf hjá félaginu þurfa að undirgangast bakgrunnsathugun lögreglu og ljúka viðeigandi þjálfun til að geta hafið störf á flugvöllum.“

Brynjar er mjög ánægður með það hvernig sumarið er að raðast upp hvað þetta varðar. „Þetta er mjög flottur hópur af fólki sem við erum að fá í sumar, bæði þau sem hafa unnið með okkur áður og þau sem eru að koma til okkar í fyrsta sinn.“





# Aðeins örfáar íbúðir eftir við Asparlaut í Reykjanesbæ



Opið hús nk. föstudag klukkan 12:30-13:00.

Til sölu glæsilegar íbúðir í lyftuhúsunum við Asparlaut 24-26 í Reykjanesbæ í hinu vinsæla Hlíðarhverfi þar sem stutt er í alla helstu þjónusta og má þar nefna sundmiðstöð, fimleikahöll, Reykjaneshöll og íþróttahúsið við Sunnubraut, leikskóla, grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Íbúðinar skilast fullbúnar án gólfefna. Stæði og eða bílskúr í bílageymslu með völdum íbúðum. Byggingaraðili er BYGG.

Stærð frá 125 fm. Verð frá 71,5 mkr.  
Afhending júní-júlí 2024



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ

[www.studlaberg.is](http://www.studlaberg.is)

s. 420-4000 [studlaberg@studlaberg.is](mailto:studlaberg@studlaberg.is)





Sjómannaðagsmessur voru í Útskálakirkju og Hvalsneskirkju samkvæmt venju. Vel heppnaðar og vel sóttar stundir. Félagar úr Karlakór Keflavíkur sungu undir stjórn Jóhanns Smára Sævarssonar við orgelleik Stefáns H. Kristinssonar, Kristbjörg Eyj-



ólfsdóttir sjómanskona flutti ræðu, sjómannssynir báru kransinn í Útskálakirkju og félagar úr Björgunarsveitinni Sigurvon í Hvalsneskirkju. Á myndinni til vinstri má sjá þá Baldur Løga og Hafþór með kransinn í Útskálakirkju og svo

má sjá Sigurvonarmenn bera kransinn frá Hvalsneskirkju og að minnismerki um sjómenn í kirkjugarðinum. Að neðan eru það svo karlakórsmélimir og björgunarsveitarfólk ásamt séra Sigurði Grétari við minnismerkið.



Myndir: Sumarmessur á Suðurnesjum



Mynd: Sumarmessur á Suðurnesjum

Elinborg Gísladóttir sóknarprestur í Grindavík brá sér til Grindavíkur á sjómannaðaginn með blómsveiginn sem átt að leggja við minnismerkið Vonina á laugardeginn en var aflýst. Það vildi svo vel til að heiðurshjónin Hinrik Bergsson og Guðný Guðbjartsdóttir voru í Grindavík. Það var því vel við hæfi að Hinrik leggði blómsveiginn við Vonina. Á myndinni eru hjónin með séra Elinborgu. Sjómanna-messa var svo haldin í Víðalínkirkju þar sem Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Pétur H. Pálsson fluttu ávörp.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
Sendu okkur línu á [vf@vf.is](mailto:vf@vf.is)

**Bíla viðgerðir**  
**Smurpjonusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
sími 421 7979  
[www.bilarogpartar.is](http://www.bilarogpartar.is)

**Rétturinn**  
Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: **11-13:30**  
alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // [heyrn@heyrn.is](mailto:heyrn@heyrn.is) // [f](https://www.facebook.com/heyrn)

## Sandgerði langaflahæst á Suðurnesjum

Jæja, maímánudur búinn sem þýðir að fyrsta mánuði strandveiðitímabilsins 2024 er lokið og ætla ég að einblína mest á strandveiðina á Suðurnesjunum í þessum pistli.

Heildarafla sem kom á land á Suðurnesjum frá strandveiðibátunum voru alls 464 tonn og skiptust þannig að 25 tonn komu á land í Grindavík, um 40 tonn komu á land í Keflavík en Sandgerði var langstærst með 400 tonn.

Reyndar var Sandgerði næststærsta strandveiðihöfn landsins í maí ef horft er á landaðan afla, Ólafsvík var stærst með 407 tonn, síðan kom Sandgerði, rétt þar á eftir kom Patreksfjörður með 389 tonn og í fjórða sæti Bolungarvík 383 tonn.

Ef horft er á fjölda báta sem lönduðu þá var Sandgerði stærsta strandveiðihöfn landsins í maí, því alls lönduðu 59 bátar afla þar. Rétt er að hafa í huga að sumir bátanna lönduðu í fá skipti og voru þá þeir bátar til að mynda að landa meirihluta afls síns í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík. Patreksfjörður var með 55 báta, Bolungarvík og Ólafsvík báðir með 52 báta.

Það voru alls átta bátar sem náðu yfir 10 tonn afla og þar af voru tveir bátar sem náðu yfir 11 tonn afla en þeir sem náðu þetta miklum afla í maí voru með þó nokkuð magn af ufsa líka.

Aflahæsti báturinn í maí var Hafdalur GK með 11,83 tonn, númer tvö var Guðrún GK 90 með 11,33 tonn, númer þrjú var Sandvík KE með 10,82 tonn, númer fjögur var Séra Árni GK með 10,61 tonn, númer fimm var Una KE með 10,32 tonn, númer sex var Von GK með 10,27 tonn, númer sjö var Gola GK með 10,06 tonn og númer



AFLA FRÉTTIR Á SUÐURNESJUM

**Gísli Reynisson**  
[gisli@aflafrettlis.is](mailto:gisli@aflafrettlis.is)

átta var Stakasteinn GK með 10,02 tonn.

Númer níu, og rétt undir 10 tonnum, var Dóri í Vörum GK með 9,99 tonn, númer tíu var Dímon GK með 9,67 tonn, númer ellefu var Sindri GK með 9,62 tonn, númer tólf var Alla GK með 9,61 tonn og númer þrettán var Jói í Seli GK með 9,61 tonn.

Númer fjórtán var Giddý GK með 9,55 tonn, númer fimmtán var Dýrið GK með 9,51 tonn, númer sextán var Hólmsteinn GK með 9,40 tonn, númer sautján var Tjúlla GK með 9,27 tonn og númer áttján var Kiddi GK með 9,21 tonn.

Númer nítján var Fagravík GK með 9,11 tonn, númer tuttugu var Margrét SU með 9,10 tonn, númer 21 var Bliki KE með 9,07 tonn, að mestu landað í Keflavík, hinir allir voru með mestallan aflann í Sandgerði.

Númer 22 Snorri GK 8,92 tonn, númer 23 Herborg HF 8,79 tonn,

númer 24 Líf NS 8,54 tonn, númer 25 Sæfari GK 8,48 tonn, númer 26 Deilir GK 8,26 tonn, númer 27 Sólon KE 8,17 tonn.

Númer 28 Tóki ST 8,02 tonn, númer 29 Grindjáni GK 7,79 tonn, að mestu landað í Grindavík, númer 30 Þórdís GK 7,65 tonn, númer 31 Faxi GK 7,51 tonn, númer 32 Ási RE 7,33 tonn, númer 33 Sella GK 7,15 tonn.

Númer 34 Gilli Jó GK 7,15 tonn, númer 35 Vestmann GK 7 tonn, númer 36 Gullfari HF 6,98 tonn, númer 37 Kristín GK 6,51 tonn, númer 38 Nótt RE 6,45 tonn, númer 39 Groddi GK 6,33 og númer 40 Röðull GK með 6,05, Fram GK var rétt þar á eftir með 6,04 tonn.


Svona heilt yfir þá held ég að menn séu býsna ánægðir með góðan máimánuð en helsta vandamálið er það að líklegast munu veiðarnar verða stöðvaðar snemma í júlí, því einungis var leyft að veiða 10 þúsund tonn af þorski og núna í maí veiddust um 4.500 tonn af þorski.



**NÝ STÖÐ**

# — NÝ SVAMBURSTAPVOTTASTÖÐ — **VELKOMIN Á FITJAR**

SKRÁÐU ÞIG Í ÁSKRIFT Í **LÖÐUR** APPINU  
OG RENNDU VIÐ ÞEGAR ÞÉR HENTAR



HÆGT ER AÐ VELJA UM TVENNS  
KONAR ÁSKRIFTARLEIÐIR Á  
VÖLDUM ÞVOTTASTÖÐVUM

- SNERTILAUS · **6.900 KR.-**
- SNERTILAUS OG SVAMPBURSTA · **9.900 KR.-**



SKANNAÐU QR KÓÐANN EÐA  
KÍKTU Á **LÖÐUR.IS** TIL AÐ KYNNA  
ÞÉR ÁSKRIFTARLEIÐIRNAR



[www.lodur.is](http://www.lodur.is)

ÁSKRIFT Á 6.900 \*BÆJARLIND, FISKISLÖÐ, HAGASMÁRI, SKÚLAGATA OG VESTURLANDSVEGUR  
ÁSKRIFT Á 9.900 \*BÆJARLIND, DALVEGUR, FISKISLÖÐ, FITJAR, HAGASMÁRI, SKÚLAGATA OG VESTURLANDSVEGUR

**OPIÐ**  
VIRKA DAGA: 8:00-19:00  
LAUGADAGA OG SUNNUDAGA: 10:00-18:00





## Menningarheimar mætast - Fjölmenningshátíð í Reykjanesbæ

Menningarheimar mætast er hátíð sem haldin var á torginu fyrir framan ráðhús Reykjanesbæjar síðasta laugardag. Mikið var um að vera, boðið var upp á matarsmakk frá ýmsum heimshornum, hoppukastali ásamt andlitsmálun og öll sem vildu gátu fengið tattoo, farið í jóga og fengið ýmiskonar danskennslu.

Bæjarbúur voru hvattir til þátttöku til samsköpunar á listaverki fjölbreytileikans á bókasafninu,

þar sem fólk gat komið og málað viðarplatta sem settir voru saman

í eitt heildstætt listaverk fjölbreytileikans.

Á menningaráttíðinni opnaði bókasafnið sumarsýninguna „Náttúruupplifun fyrir börn og fjölskyldur“.

Reykjanesbær er kraftmikið fjölmenningsfélög sem er í stöðugum og örurum vexti og alltaf

á uppleið. Fjölmenningshátíðin Menningarheimar mætast var haldin í fyrsta skipti á síðasta ári. Hátíðin er vettvangur til þess að sameina fólk og þjóðarbrot í gegnum mat, leik, sköpun og tónlist. Fjölmargar fjölskyldur og íbúar samfélagsins með ólíkan bakgrunn hafa komið saman og

skipulagt viðburðinn, með það að leiðarljósi að viðburðurinn verði til þess að fagna fjölbreytileikanum þar sem tækifæri er fyrir alla til að koma saman og skemmta sér. Hátíðin í ár er hluti af 30 ára afmælis-hátíð Reykjanesbæjar.

Ljósmyndir: JPK



NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
VF **magasín**

### BÍLSTJÓRI



Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur bílstjóra.

Fjölskylduvænn vinnutími, frá kl. 7:00 til 15:00 alla virka daga.

Starfið felst í útkeyrslu á skólamáltíðum frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur. Starfið felst einnig í vöruflutningum, frágangi í lok dags og öðrum tilfallandi verkefnum á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu.

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Ökuréttindi, meirapróf kostur
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Jákvæðni og snyrtimennska skilyrði
- Frumkvæði
- Sveigjanleiki

Umsækjendur eru beðnir að skila inn ferilskrá með upplýsingum um reynslu og fyrri störf.

Óskað er eftir að starfsmaður hefji störf sem fyrst.

Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið.

Fyrirspurnir um starfið berist á [radningar@skolamatur.is](mailto:radningar@skolamatur.is)

Skólamaturl ehf er fjölskylduvænt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og framreiðslu á máltíðum fyrir mikilvægasta fólkíð.





# Milwaukee® BILLIANT



Verður hjá VÖKVATENGI  
Fitjabraut 2, Reykjanesbæ

Föstudaginn 7. júní  
Kl. 9 til 16.



HAMBORGARAR  
Í HÁDEGINU



KL.9-10  
29.900-



KL.11-12  
39.900-

ALVÖRU  
KLUKKUTILBOÐ  
Ath. Takmarkað magn.



KAUPAUKAR  
Á MEÐAN BIRGDIR  
ENDAST



KL.15-16  
39.900-



KL.13-14  
59.900-



HAPPDRETTI

Sjáumst!

RUBIX VÖKVATENGI

VERKFERA  
SALAN



# Ég elska bara að spila

## Sextán ára píanósnillingur úr Reykjanesbæ hefur fengið tækifæri sem fáum byðst

Þrátt fyrir ungan aldur hefur hinn sextán ára gamli Jakob Piotr Grybos vakið verðskuldaða athygli fyrir færni sína á tónlistarsviðinu en Jakob hefur lært á píanó frá því að hann var níu ára gamall. Hann stefnir á lokapróf í píanóleik á næsta ári og ætlar verja sumrinu í æfingar auk þess að sækja Master Class á Spáni.

### VF TÓNLIST

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



Við hittum Jakob í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar en þar má nánast ganga að honum vísum við æfingar. Fyrsta spurning er hvernig hafi staðið á því að hann byrjaði í tónlistarnámi?

„Ég byrjaði af því að bróðir minn var að læra á gítar. Mamma og pabbi vildu að ég byrjaði líka á gítar en einhverra hluta vegna valdi ég píanó, veit ekki alveg af hverju. Ég var níu ára þá,“ segir Jakob sem byrjaði að læra í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Jakob er sextán ára í dag og hefur náð ótrúlegum árangri eftir einungis sjö ára tónlistarnám.

„Ég ætla að taka framhaldspróf á næsta ári í Menntaskóla í tónlist (MÍT), þannig að ég er að hætta hérna [í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar].“ Hann segir að hvorki mamma hans né pabbi séu tónlistarfólk en þeir bræður eru báðir hel-

teknir af tónlistinni. Eldri bróðir Jakobs er Alexander Grybos og hann lauk sínu framhaldsprófi á gítar nú í vor.

#### Af hverju þar en ekki hér?

„Ég er búinn að vera í MÍT frá því í áttunda bekk,“ segir Jakob og bætir við að hann sé þá í menntaskóla í bænum samhliða tónlistarnáminu. „Það hentar mér betur.“

#### Nú ætlar þú að taka lokaprófið frá MÍT á næsta ári, hvað ætlarðu að gera eftir það?

„Klára menntaskóla og fara síðan út í frekara píanónám. Draumurinn er að fara til New York en Evrópa kemur líka vel til greina, kannski Holland eða Kraká í Póllandi. Besti skólinn í Póllandi til píanónáms er í Kraká og ég kann auðvitað tungumálið svo það myndi auðvelda mér ýmislegt, kannski er best fyrir mig að vera í Póllandi,“ segir Jakob sem á ættir að rekja til Póllands, foreldrar hans eru bæði pólsk en þau kynntust á Íslandi og bræðurnir eru báðir fæddir og uppaldir hér.



Frá lokatónleikum Jakobs í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem fóru fram í Bergi nú í vor. VF/JPK

#### Voru það foreldrar ykkar sem vildu að þið færuð í tónlistarnám?

„Ég held að bróðir minn hafi langað að fara að læra á gítar og svo vildu mamma og pabbi að ég færi líka í tónlist.“

#### Ekkert annað kemst að

Jakob hefur tekið þátt í fjölmörgum tónlistarverkefnum og var til að mynda einleikari í verkinu Rhapsody in Blue eftir Georg Gershwin þegar Lúðrasveit verkalýðsins setti það á svið í Stapa og Hörpu nú í vor. Einleikshlutverk píanóleikarans er mjög krefjandi og viðamikilið eins og venja er með einleikskonertum og ber verkið uppi, þá lék hann einnig á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir síðustu jólin þessar tvær framkomur hans segja meira en mörg orð um hæfni hans sem píanóleikara. Jakob einskorðar sig þó ekki við einleiksverk með stórum hljómsveitum, en hann er líka í hljómsveitinni Demo ásamt bróður sínum og þar að auki hefur Jakob verið meðlimur í bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar undanfarin ár en er nýhættur í kórnum til að einbeita sér að píanóinu.

„Já, ég elska bara að spila og stefni á að spila sem mest,“ segir Jakob og getur ekki varist brosi. „Mér finnst svo gaman að spila alls konar tónlist og á alls konar viðburðum. Ég spila líka mjög oft á viðburðum í pólska sendiráðinu og hélt t.d. jólatónleika þar í janúar þar sem ég útsetti og spilaði pólsk

jólaög fyrir píanó. Það var líka mjög skemmtilegt.“

#### Nú hefur þú verið að spila allt frá einleiksverkum með Sinfóníunni og Lúðrasveit Verkalýðsins yfir í popptónlist með Demo. Þetta er ansi vítt svið sem þú ert að fara yfir, er ekkert eitt svið sem þú ætlar að sérhæfa þig í?

„Ég er sérhæfður í klassískri tónlist en ég get spilað hvað sem er. Mér finnst gaman að spila hvað sem er. Stundum spila ég djass með bróður mínum – ekki vel,“ segir hann og skellir upp úr. „En ég hef gaman að því.“

#### Áttu einhver önnur áhugamál eða er tónlistin bara það sem lífið þitt snýst um?

„Tónlist. Það er ekkert annað sem kemst að.“

#### Engin kærasta í spilinu?

„Nei, ég er einn – sólóisti,“ sagði Jakob brosandí og sneri sér aftur að æfingunum.

Í rafrænni útgáfu Víkurfrétta má sjá brot af lokatónleikum Jakobs í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar nú í vor og einnig hluta af einleikskonert hans í verkinu Rhapsody in Blue með Lúðrasveit verkalýðsins.



Jakob að leika einleikskonert úr Rhapsody in Blue með Lúðrasveit verkalýðsins.

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



# Sumarmessur á Suðurnesjum 2024

## 6. júní U2 messa

kl. 20 - Sandgerðiskirkja

## 9. júní Göngumessa

kl. 20 - frá Keflavíkurkirkju

## 17. júní Þjóðhátíðardagur

kl. 12 - Hátíðarmessa  
Keflavíkurkirkja

## 23. júní Minningarmessa sr. Hallgríms Péturssonar

kl. 14 - Hvalsneskirkja

## 30. júní Göngumessa

kl. 20 - frá Njarðvíkurkirkju  
Innri-Njarðvík

## 7. júlí Í sól og sumaryl

kl. 20 - Kálfatjarnarkirkja

## 14. júlí Dýrablessun

kl. 20 - Ytri-Njarðvíkurkirkja

## 21. júlí Kósýmessa

kl. 20 - Útskálakirkja

## 28. júlí Kanntu sálminn?

kl. 20 - Ytri-Njarðvíkurkirkja

## 11. ágúst Útimessa við Prestvörðu

kl. 20 - Útskálakirkja

## 18. ágúst Jazzmessa

kl. 20 - Keflavíkurkirkja

## 25. ágúst Bílamessa

kl. 20 - Njarðvíkurkirkja  
Innri-Njarðvík

## 1. september

## Messumeistarinn

kl. 20 - Kirkjuvogskirkja





# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# SUMMAR- HATÍÐ



**SJÁDU ÖLL  
TILBOÐIN Á  
BYKO.IS**


Birt með fyrirvara um prentvillur og/óla myndabrengi.  
Tilboð gilda til 6.-10. júní, eða á meðan birgðir endast.

## Frábær tilboð 6.-10.júní



**-20%**  
AF ÖLLUM  
REIÐHJÓLUM

\*Ekki rafmagnshjólum



**-20%**  
AF LAMETT  
VIÐAR-  
PARKETI



**-20%**  
AF ÖLLU  
HARÐPARKETI



**-20-25%**  
AF VÖLDUM  
GRILLUM




**-20%**  
AF ALLRI INNI-  
MÁLNINGU OG  
LAKKI



**-20%**  
AF ALLRI  
VIÐARVÖRM





Bæjarins beztu og  
Emessís í verslun BYKO  
laugardaginn 8. júní  
milli 13 og 15



**-20%**  
AF ÖLLUM INNI-  
LJOSUM OG  
LÖMPUM



**-25%**  
AF ÖLLUM  
SONAX  
BÍLAVÖRUM



**-20%**  
AF ALLRI  
UTI-  
MÁLNINGU



**-20%**  
AF ÖLLUM BAÐ  
INNRETTINGUM



**-20%**  
AF ÖLLUM  
HANDLAUGUM



**-20%**  
AF ÖLLUM  
BAÐPLÖTUM



## Hvatningarverðlaun menntaráðs afhent

Hvatningarverðlaun Reykjanessbæjar voru afhent við hátíðlega athöfn í Bíósal Duus húsa á fimmtudag í síðustu viku. Það eru kjörnir fulltrúar í menntaráði sem velja úr innsendum tilnefningum og núna voru tvö verkefni jöfn, annars vegar verkefni *Lindin – stofnun og þróun sértæks námsúr-ræðis* (Akurskóli) og hins vegar *Faglegt og fjölbreytt starf í Öspinni* (Njarðvíkurskóli) og hljóta þau bæði Hvatningarverðlaun menntaráðs. Að auki hlaut verkefni *Allir í skólann – snemmtæk íhlutun vegna skólaforðunar* (Holtaskóli) sérstaka viður-kenningu.

Í rökstuðningi um verkefni *Lindin – stofnun og þróun sértæks námsúr-ræðis* segir: „Velferð nemenda er mikilvæg og ekki síst þeirra sem mega sín minna. Í ljósi umræðu í Þjóðfélaginu þar sem fjölskyldur hafa stigið fram og list úrræðaleyfi sveitarfélaga og skóla þegar kemur að málefnum barna með taugafjölbreytileika þá er mikilsvæðing að lyfta því upp sem vel er gert fyrir þennan hóp barna. Lindin er dæmi um starf sem hugar að velferð nemenda sem hefur heppnast einstaklega vel. Nú er verið að styðjast við þá uppbyggingu og þróun sem hefur verið unnin í Akurskóla vegna Lindar til að stofna annað sambærilegt úrræði í Reykjanessbæ við annan skóla til að þjónusta enn betur nemendur Reykjanessbæjar sem glíma við einhverfu eða taugabreytileika af þeim toga.“

Í rökstuðningi um verkefni *Faglegt og fjölbreytt starf í Öspinni* segir: Margir litlir sigrar eru unnir í Ösp á hverjum degi enda er starfið allt framúrskarandi, faglegt og vel skipulagt. Það er einnig öðrum til eftirbreytni að sjá hvernig allir sem þar starfa í krefjandi umhverfi vinna að því að mæta ólíkum þörfum nemenda á sem fjölbreytilegastan hátt. Við finnum líka svo vel að horft er til starfsemi í Ösp frá öðrum utanaðkomandi fagaðilum og fær starfsemin hrós víða.



Guðný Birna Guðmundsdóttir, formaður menntaráðs, bauð gesti velkomna og óskaði þeim

**Pau verkefni sem voru tilnefnd:**  
Listsköpun og listþerapía (Heiðarskóli)  
Leik tónar (samstarfsverkefni Tónlistarskóla Reykjanessbæjar og Heilsuleikskólans Heiðarsels)  
Vika6 (Stapaskóli - grunnskólastig)  
Faglegt og fjölbreytt starf í Öspinni (Njarðvíkurskóli)  
Farsæld barna í leikskólastarfi (Heilsuleikskólinn Heiðarsel)  
Heilsuefning og vellíðan í leikandi skólastarfi (Leikskólinn Tjarnarsel)  
Grúskarar í Skógarási (Heilsuleikskólinn Skógarás)  
Lindin - stofnun og þróun sértæks námsúr-ræðis (Akurskóli)  
Náttúrufraeðikennsla/lesskilningur/námsefnisgerð (Myllubakkaskóli)  
Allir í skólann - snemmtæk íhlutun vegna skólaforðunar (Holtaskóli)  
Ég er Ásbrú (Háaleitisskóli Ásbrú)  
„Hvar stend ég?“ (Leikskólinn Akur og Leikskólinn Völlur)  
Litaskrímslið (Stapaskóli - leikskólastig)



Mikill fjöldi meitti á athöfnina.



Helgi Arnarson, sviðsstjóri meantastíðs, í pontu.



Það var boðið upp á ljúfa fjöluþónlist áður en hvatningarverðlaunin voru afhent.



Jenny Þorkatla Magnúsdóttir, fjölskyldufræðingur við Holtaskóla, fékk sérstaka viðurkenningu fyrir verkefnið Allir í skólann – snemmtæk íhlutun vegna skólaforðunar. Sighvatur Jónsson sá um að veita verðlaunin.

## Gott skólaumhverfi hefur gríðarleg áhrif á líðan og árangur í námi



Fulltrúar Lindar búnir að taka á móti Hvatningarverðlaunum menntaráðs, með þeim er Sighvatur Jónsson.

Lind er annað tveggja verkefna sem voru veitt hvatningarverðlaun Reykjanessbæjar við hátíðlega athöfn í Duus húsum í síðustu viku. Deildin var formlega vígð í nóvember síðastliðnum en Lind er námsúr-ræði fyrir börn með einhverfu og hefur verið starfandi í þrjú ár innan veggja Akurskóla. Á þessum tíma hefur deildin vaxið úr því að hafa tvo nemendur í kennslu en þeir verða orðnir tíu á næsta skólaári.

„Við erum ótrúlega ánægð að fá þessa viðurkenningu frá Reykjanessbæ. Hún er eitthvað sem við ætlum klárlega að byggja ofan á,“ segir Arnar Smárasón, deildarstjóri Lindar, í samtali við Víkurfréttir. „Lind hefur náttúrulega vaxið og dafnað fyrstu árin og við verðum með fulla deild, tíu nemendur, á næsta skólaári. Þetta fer hratt en engu að síður vel af stað og við erum ótrúlega ánægð hvernig þetta hefur gengið.“

**Lind er sértækt námsúr-ræði, eruð þið eingöngu með börn á einhverfurófi?**

„Þetta er námsúr-ræði í Reykjanessbæ fyrir börn með einhverfu og nemendur hafa sýnt miklar framfarir í

námi og hegðun. Þeim líður greinilega vel hjá okkur og ég held að það sanni best hvernig gott skólaumhverfi, sem er hannað að þörfum hvers og eins, getur haft gríðarleg áhrif á líðan og árangur í námi.“

**Eru krakkarnir að blandast öðrum nemendum í tímum eða eru þeir alfarið inni á deild hjá ykkur?**

„Langflestir nemenda okkar sinna sínu námi inni í bekk, í bland við það að vera í tímum með þroskapjálfa, iðjupjálfa og sérkennara inni í Lind. Þannig að við reynum að halda tengingu við bekkinn eins mikið og möguleiki er á.“

**Og aðrir nemendur taka góðan þátt og eru umburðarlyndir.**

„Já, alveg hundrað prósent og við erum mjög ánægð með hvernig þau taka okkar nemendum. Af því að við erum með börn alls staðar af í Reykjanessbæ, þetta eru ekki bara börn úr skólahverfinu. Það er alveg frábært hvernig þau taka á móti nýjum nemendum sem koma inn í þeirra bekk.“

**Á hvaða aldri eru þessir nemendur?**

„Núna erum við með nemendur frá þriðja bekk og upp í tíunda bekk en þegar deildin verður fullmönnuð í haust verðum við með nemendur frá fyrsta bekk og upp í þann tíunda.“

Arnar samsinnir því að Lind er gríðarlega flott verkefni og vel að hvatningarverðlaunum komið. „Og mannauðurinn sem við höfum hér í Lindinni er gríðarlega flottur og við erum ótrúlega stolt af okkar fólki, bæði fagfólki og stuðningsfulltrúum. Hér er einn þroskapjálfi, við erum með iðjupjálfa, tvo sérkennara, fimm stuðningsfulltrúa og ég er deildarstjóri. Svo hafa kennarar á unglingsstigi verið að koma inn og kenna unglingsunum mínum íslensku, stærðfræði, náttúrfræði og samfélagsfræði.“

**Þið ætlið væntanlega að halda áfram á ykkar braut.**

„Já, við erum spennst fyrir framhaldinu. Við verðum fullmönnuð á næsta ári og erum spennst fyrir þeirri áskorun,“ sagði Arnar að lokum.

## Við fögnum hverju skrefi

Ösp er nú að ljúka sínu tuttugasta og fyrsta starfsári en deildin er sérúr-ræði í Njarðvíkurskóla fyrir nemendur með fötlun. Ösp byrjaði sem úrræði fyrir tvo nemendur og var útbúin aðstaða í gæslu-vallarhúsi sem stendur rétt við Njarðvíkurskóla. Núna eru nemendurnir orðnir 25 og búið að byggja við húsið jafnt og þétt eftir því sem starfsemin hefur aukist. Kristín Blöndal, deildarstjóri, og Linda Birgisdóttir, yfirþroskarpjálfi, ræddu við Víkurfréttir um starfsemina sem fer fram á deildinni en Ösp hlaut hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjanessbæjar í síðustu viku.

**Hefur vaxið og dafnað**

„Fyrst voru nemendur að koma hingað á miðstigi en núna í ár erum við að útskrifa í annað sinn nemendur sem eru búnir að fylgja nemendum uppi í skóla frá fyrsta bekk og alveg upp í þann tíunda. Sem er alveg magnað og það verður mjög skrítið þegar þau fara,“ segir Kristín og það má greina væntumþykju í römnum.

„Hér áður voru þau allra yngstu að koma í þriðja bekk en svo fóru krakkar að koma í fyrsta bekk og þá þurftum við að fara að breyta og taka á móti börnum sem voru í raun á leikskólaaldri, því þroskinn var bara þannig.“

Húsnæði Aspar hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma sem hún hefur starfað en þangað leita börn með alls konar fatlanir, sum eru í hjólastólum og þurfa meiri umönnun og meira pláss.

„Í yngri árgöngunum hjá okkur eru mikið fleiri strákar, mjög fáar stelpur og ef við spáum í kynjamun þá eru alltaf fleiri strákar hérna á deildinni en stelpur. Þess vegna er svo mikilvægt að ráða inn svona flotta stráka eins og eru að vinna hérna, til að fara með þeim í sund og íþróttir og svona,“ segja þær stöllur þegar þær tala um tvo samstarfsmenn sína.

**Nú eru krakkarnir hérna með alls kyns fatlanir, fáid þið alla flórana?**

„Já, þetta er ekki eins og t.d. Lindin sem er einhverfudeild,“ segir Kristín. „Flestir okkar nemendur eru reyndar líka með einhverfu. Ótrúlega margir af nemendum tjá sig ekki, þetta eru svona óhefðbundin tjáskipti. Eins og þú heyrir mikið af hljóðum hérna.“

„Við erum með góðan konfekt-kassa hérna og þjónum þeim sem þurfa mjög sértækt úrræði,“ segir Linda og líkir þannig ólíkum fötlunum við konfekt-mola en það er ekkert að ástæðulausu að Ösp

hlýtur þessi hvatningarverðlaun. Starfsfólkið leggur metnað sinn í að sinna nemendum af kostgæfni og alúð.

**Ágóði í báðar áttir**

Kristín er að klára átjándan árið sitt á Öspinni og segir að deildin hafi þurft sinn tíma til að þróast.

„Þetta fór liggur við frá því að vera með þrjátíu og fimm tíma í töflu og alltaf að stjórna öllu sem gerðist. Með því að stækka svona ört, ganga í gegnum Covid og alls konar breytingar, þá erum við svolítið að lenda og fá að þróast sem deild. Við vitum að það eru vaxtaröndugleikar þegar skólar og deildir eru að stækka og finna sig – en við erum heppin með mannauð, starfsfólk,“ segir Kristín en 28 manns starfa í Öspinni. Í því hringir síminn og Kristín þarf að bregða sér frá á annan fund en Linda tekur við keflinu og bætir við: „Við þurfum að fá fleira fagfólk inn með stækkingu deild, auknum fjölda nemenda og flóknari fatlanir.“

Linda hefur starfað á Öspinni frá árinu 2008 og segir að þar sé góður kjarni starfsfólks með langan starfsaldur.

„Okkar nemendur hafa allir tengingu við sinn árgang í skól- anum og sækja tíma með þeim eins og þau geta. Þannig að það er samstarf á milli okkar og kennaranna uppi í skóla.“

**Hvernig ganga samskiptin milli barnanna á Öspinni og annarra nemenda í skólanum?**

„Samskiptin ganga bara vel og eru eitthvað sem við vinnum stöðugt að því að byggja upp í félagsþjálfun og slíku. Maður er búinn að heyra það í gegnum árin, sem er ótrúlega gott, að almennir nemendur í Njarðvíkurskóla græða

**VÍÐTÖL OG UMFJÖLLUN**

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vfi.is



Fulltrúar Aspar voru að vonum ánægðir með Hvatningarverðlaunin.



svo mikið á því að hafa Ösp og þá nemendur sem eru hér. Þau læra ákveðið umburðarlyndi og öðlast víðsýni – þannig að þetta er ekki bara ágóði í aðra áttina. Ég held að það sé svolítið sérstæðan við þessa deild; það er þessi tenging og hvernig við getum boðið nemendum hér upp á kennslu og þjálfun þar sem þau eru að æfa sig með almennum nemendum líka. Eins og í dag þá eru þau flest í ferðum með sínum bekkjum eða að fara í sund í dag og svo eru nokkur á skyndihjálparnámskeiði með tíunda bekk.“

Linda segir að þegar börnin eru að fara í ferðir með bekkjarfélögum sínum þá aðlagi þau þeirra þarfir að ferðunum. „Mér dettur það í hug þegar ég sé herna út um gluggann að hópur er að fara í hjólaferð að svona ferðir aðlögum við að börnunum okkar. Þá förum við labbandi eða á bílum til að hitta hópinn, það fer bara eftir hvað hentar þeim best hverju sinni.“

Svo eru allir nemendurnir með einstaklingsáætlun, þannig að þau eru í kennslu og þjálfun eftir því hvar þörfin er og vinna með styrkleikunum. Skrefin eru mishröð en við fögnum hverju skrefi. Að hausti veit maður aldrei hver hraðinn verður – en þegar maður lítur til baka á þessum tíma árs er ótrúlega gaman að sjá öll litlu skrefin sem þau hafa tekið.“

#### Er þetta ekki gefandi vinna?

„Jú, hún er það en líka mjög krefjandi og maður þarf að vera fljótur að hugsa til

að finna lausnir á ýmsu. Það er plan B og C og misjafnir dagar til að koma á mótis við. Stundum er gott að eiga rólegan tíma á meðan það er gott að fara í kröftuga göngu einhvern annan. Þarna þarf maður að vera svolítið næmur og geta lesið í nemendur, það kemur með reynslunni og hvernig við vinnum þetta saman hér.“

#### Allir standa jafnfætis

Fjöldi starfsmanna í Ösp gefur góða mynd af því hver þörfin er fyrir þá nemendur sem glíma við fatlanir og Linda segir að allir starfsmenn í Öspinni hafi rödd þegar kemur að þeirra starfi. „Almennir starfsmenn hér eru að vinna öðruvísi vinnu en í almenna skólakerfinu og það er frábært hvað við erum heppin að hafa unga, almenna starfsmenn sem hafa gott auga, umburðarlyndi og rétt hugarfar.“

Við erum með þroskaþjálfara, sérkennara, hér eru almennir kennarar, sálfræðimenntað fólk, atferlisfræðingar líka – þannig að við erum með breiðan hóp af fagfólki. Það er ótrúlegur kostur.“

#### Er ekki erfitt að fá fagfólk til starfa?

„Jú, það liggur ekki á lausu og það er líka áskorun að halda í gott starfsfólk. Við viljum alltaf fleira fagfólk og líka almennt starfsfólk. Starstur hluti þeirra sem ráða sig í svona störf eru konur og þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að fá þessa flottu stráka sem við



Þessir voru á skyndihjálparnámskeiði þegar ljósmyndara bar að garði. VF/JPX

höfum inn í starfið. Það eru hlutir sem þeir einir geta tekið að sér og þeim er alltaf ráðað fyrst á sund- og íþróttuferðir. Nemendurnir þurfa líka að hafa karlkyns fyrirmyndir svo við tökum vel á móti þeim.“

#### Nú eru þessi börn að fá hér þá þjónustu sem þau þurfa yfir skóladaginn en hvað gera þau svo yfir sumartímamann?

„Það kallast Ævintýrsmiðjan sem er úrræði á vegum Reykjanesbæjar yfir sumartímamann. Það er komin reynsla á það og ég held að það sé þrískipt því börnin eru ekki öll á sama staðnum.“

Svo erum við líka með eftirskólaúrræði, þannig að skólinn er búinn 13:20 og þá tekur við þetta eftirskólaúrræði og það eru ellefu nemendur hér í þessari Fristund. Það eru ýmist starfsmenn sem hafa verið hér um morguninn eða nýir sem koma ofan úr skóla til að sinna Fristundinni og taka við til fjögur. Einhverjir nemendur hafa farið í 88-húsið þar sem er slíkt úrræði og svo fara einhverjir heim.“



# Hátíðleg útskriftarathöfn Keilis í Hljómahöll

Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs útskrifaði 123 nemendur við hátíðlega athöfn í Hljómahöll í Reykjanesbæ föstudaginn 31. maí. Athöfnin var vel heppnuð og fjölsótt og hafa nú 4928 einstaklingar útskrifast úr námi við skólann.

Í athöfninni voru útskrifaðir 76 nemendur af Háskólabrú, 28 úr einka- og styrktarþjálfaranámi og 19 úr stúdentsbraut í tölvuleikjagerð.

Saga Matthildur hóf athöfnina með ljúfu tónlistaratriði fyrir viðstadda. Því næst flutti Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis, ávarp og styrði sjálfri athöfninni.

Háskólabrú Keilis brautskráði samtals 69 í fjarnámi. Berglind Kristjánsdóttir, forstöðumaður Háskólabrúar, flutti ávarp fyrir hönd starfsmanna og afhenti skírteini og viðurkenningarskjöl til útskriftarnema. Dúx Háskólabrúar var Guðmundur I. Halldórsson

með 9,78 í meðaleinkunn og fékk hann peningagjöf frá Arion banka og Keili sem viðurkenningu fyrir góðan námsárangur. Þórey Jóhanna Óskarsdóttir hélt ræðu fyrir hönd útskriftarnema Háskólabrúar.

Háskólabrú hefur boðið upp á aðfaranám til háskóla í 17 ár og hafa á þeim tíma átt sér stað miklar framfarir í kennsluháttum samhliða breyttum þörfum og kröfum nemenda. Nú geta nemendur því valið að sækja Háskólabrú í staðnámi eða fjarnámi, bæði með og án vinnu sem og viðbótarnám við stúdentspróf á verk- og raunvísindadeild. Boðið er upp á Háskólabrú í samstarfi við Há-



skóla Íslands og gildir námið til inntöku í allar deildir háskólans.

Menntaskólinn á Ásbrú brautskráði samtals 19 nemendur af stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Ingigerður Sæmundsdóttir, fráfarandi forstöðumaður, afhenti skírteini. Emilía Guðrún Kol-

brúnar Valgarðsdóttir flutti ræðu fyrir hönd útskriftarnema MÁ.

Þetta var sjötta útskrift Menntaskólans á Ásbrú sem hóf starfsemi haustið 2019 þegar fyrstu nemendur skólans hófu nám á stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Stúdentsbrautin er skipulögð sem þriggja ára nám þaðan sem nemendur útskrifast með staðgöða þekkingu í ýmsu sem tengist tölvuleikjagerð og fleiri skapandi greinum. Námið byggir á hagnýtum verkefnum með sterki tengingu við atvinnulífið þar sem lögð er áhersla á færni til framtíðar, nútíma kennsluhætti og vinnuástandi í sérklassa.

Heilsuakademían brautskráði 14 nemendur úr einkaþjálfaranámi og 14 nemendur úr styrktarþjálfaranámi. Þóra Kristín Snjólfssdóttir, verkefnisstjóri, afhenti skírteini og viðurkenningarskjöl til

útskriftarnema. Dúx í einkaþjálfaranáminu var Thea Möller Þorleifsson með 9,65 í meðaleinkunn og dúx í styrktarþjálfaranáminu var Gunnlaugur Bjarnar Baldursson með 9,86 í meðaleinkunn, hlutu þau bæði gjöf frá Hreysti sem viðurkenningu fyrir góðan árangur. Marta Sif Baldvinsdóttir hélt ræðu fyrir hönd útskriftarnema í Heilsuakademíunni. Nám í einkaþjálfun miðar að því að undirbúa nemendur fyrir störf við þjálfun almennings og mikil áhersla er lögð á heildræna nálgun sem næst með því að tengja bóklega og verklega hluta námsins vel saman. Námið er viðurkennt af Menntamálaráðuneytinu sem námsbraut á framhaldsskólastigi. ÍAK styrktarþjálfaranám er hagnýtt, hnitmiðað og sniðið til þess að mæta þörfum fólks sem hefur áhuga á að vinna með íþróttafólki.

Háskóli Íslands veitti tveimur útskriftarnemum Keilis viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, jákvæðni og góða leiðtoga-hæfni. Jóhann Grétar Jóhannsson sem brautskráðist af Háskólabrú og Emilía Guðrún Kolbrúnar Valgarðsdóttir stúdent úr Menntaskólanum á Ásbrú nutu heiðursins og hlutu gjafabréf frá Háskóla Íslands, auk styrks sem nemur upphæð skráningargjalda á skólagjöldum fyrsta skólaárið.

Keilir stendur frammi fyrir breytingum í kjölfar voranna, en brautir ÍAK og MÁ færast í annan framhaldsskóla eftir sumarið 2024. Þessi útskrift frá vorönn var því sú síðasta af stúdentsbraut í tölvuleikjagerð og úr einka- og styrktarþjálfaranámi frá Keili. Háskólabrú Keilis heldur áfram fullri starfsemi og innritun fyrir haustönn stendur yfir.





# Bóbi lagði blómsveig að minnismerki sjómanna



Blómsveigurinn var lagður að sjómannamerkinu eftir messuna í bíósal Duus húsa. VF/pket.

Guðmundur Garðarsson, fyrrverandi skipstjóri, lagði blómsveig við minnismerki sjómanna að lokinni sjómannamessu í bíósal Duus húsa á sjómanna-daginn í Reykjanessbæ.

Blómsveigurinn er frá VSFK og Vísi, félagi skipstjórnarmanna á Suðurnesjum. Það er gömul hefð að útnefna einhvern einstakling til að gera þetta og fékk Guðmundur eða Bóbi heiðurinn í ár.

Sr. Brynja Þorsteinsdóttir, prestur í Njarðvíkursókn stýrði messu og athöfninni við sjómannamerkið. Félagar úr kór Njarðvíkurkirkju leiddu söng við undirspil og stjórn Rafns Hliðkvists Björgvins-sonar organista. Eftir messu og lagningu blómsveigs var bauð Sigurjónsbakarí upp á kaffi og kleinur.

Bóbi á Sávarborg GK úti fyrir Reykjanesi árið 1992. VF/Hilmar Bragi



Bóbi, afastrákurinn og nafni, Guðmundur Garðar Steindórsson og Sr. Brynja við sjómannamerkið.



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands í brúnni á Óðni.



Hvítum rósum var varpað í hafid í minningu sjómanna.



Ásgeir Magnús Hjálmarsson fv. skipstjóri í Garði og frumkvöðull í safnamálum Garðanna var gestur í siglingunni.



Guðmundur Birkir Agnarsson stýrimaður setur út siglingaleiðina á sjókorti.



Skúffukaka með rjoma í borðsalnum. Að neðan er fjölmennt í brúnni.



Á LÖDNUMIDUNUM

Víkurfréttir 10. maí 2022

SVARTUR SJÓR!

Á loðnuveiðum með Sjávarborg GK

TEXTI OG MYNDIR: HILMAR BRAGI

Þú færð riflegan skattafslátt og ríkulega raunávöxtun á Sparileið 5

Spári LEIÐ 5

Fullfermi

SVARTUR SJÓR!

Guðmundur Garðarsson var í eldlinunni á sjónum í mörg ár. Hilmar Bragi, þá 22 ára blaðamaður á Víkurfréttum fór í stuttan loðnutúr þegar loðna mokveiddist utan við Suðurnesin.





# Minningarathöfn um drukknaða sjómenn

## – haldin í safnskipinu Óðni úti fyrir Garðskaga

**M**inningarathöfn fór fram vestur af Garðskaga á föstudag, 31. maí, þar sem sjómanna sem hafa drukknað var minnst. Athöfnin fór fram um borð í safnskipinu Óðni. Upphaflega stóð til að hafa athöfnina vestur af Stafnesi en vegna sjólags var athöfnin haldin úti fyrir Garðskaga.

Það voru hollvinir safnskipisins Óðins sem stóðu fyrir athöfninni. Sigurður Kr. Sigurðsson prestur fór með blessunarorð. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands flutti ávarp og það gerði Vilbergur Magni Óskarsson skipherra einnig. Í sameiningu vörpuðu þeir kransi í hafið með kveðju frá hollvinum Óðins.

Með athöfninni var minnst allra sjómanna sem drukknað hafa á þessu svæði og leitast við að sýna minningu þeirra virðingu og votta aðstandendum þeirra samúð. Þá var minnst sérstaklega manna sem hafa farist á svæðinu frá árinu 1959 til ársins 1992. Egill Þórðarson, loftskytamaður, nefndi þar sérstaklega fimm sjóslýs og las upp nöfn allra þeirra manna sem fórust. Var hvítur rós varpað í hafið fyrir hvern þeirra.

### Hermóður, 18. fórst febrúar 1959

Vítaskipið Hermóður hafði verið við bátagæslu, þ.e. aðstoðarskip fyrir vertíðarflotann í Vestmannaeyjum fyrir Landhelgisgæslu Íslands og var á heimleið til Reykjavíkur. Skipið fórst með allri áhöfn, tólf manns, í suðvestan aftakaveðri út af Kirkjuvogi aðfaranótt 18. febrúar 1959. Þeir sem fórust voru:

Ólafur G. Jóhannsson, skipstjóri, 41 árs.  
Sveinbjörn Finnsson, 1. stýrimaður, 24 ára.  
Eyjólfur Hafstein, 2. stýrimaður, 47 ára.  
Guðjón Sigurjónsson, 1. vélstjóri, 40 ára.  
Guðjón Sigurðsson, 2. vélstjóri, 65 ára.  
Birgir Gunnarsson, matsveinn, 20 ára.  
Magnús Ragnar Pétursson, háseti, 46 ára.  
Jónbjörn Sigurðsson, háseti, 19 ára.  
Kristján Friðbjörnsson, háseti, 27 ára.  
Davíð Sigurðsson, háseti, 23 ára.  
Einar björnsson, háseti, 30 ára.  
Helgi Vatnnes Kristjánsson, dagmaður í vél, 16 ára.

### Rafnkell GK 510, fórst 4. Janúar 1960

Línubáturinn Rafnkell GK 510 úr Garði, fórst í slæmu veðri með allri áhöfn, sex manns, í fyrsta línuróðri vertíðarinnar aðfaranótt 4. janúar 1960, líklega út af Stafnesi eða Kirkjuvogi.

Þeir sem fórust voru:  
Garðar Guðmundsson, skipstjóri, 41 árs.  
Björn Antoníusson, stýrimaður, 31 árs.  
Vilhjálmur Ásmundsson, 1. vélstjóri, 33 ára.  
Magnús Berentsson, matsveinn, 42 ára.  
Jón Sveinsson, háseti, 36 ára.  
Ólafur Guðmundsson, háseti, 36 ára.



Ljósmynd: Vigdís Hauksdóttir

### Stuðlaberg NS 102, fórst 17. eða 18. febrúar 1962

Síðlabáturinn Stuðlaberg NS 102 fórst með allri áhöfn, ellefu manns, í slæmu veðri undan Stafnesi 18. febrúar 1962. Síðast heyrðist til bátsins að kvöldi 17. febrúar er hann var undan Selvogi.

Þeir sem fórust voru:  
Jón Hildiberg Jörundsson, skipstjóri, 32 ára.  
Pétur Þorfinnsson, stýrimaður, 30 ára.  
Kristján Jörundsson, 1. vélstjóri, 34 ára.  
Karl Jónsson, 2. vélstjóri, 28 ára.  
Birgir Guðmundsson, Matsveinn, 39 ára.  
Stefán Eliasson, háseti, 39 ára.  
Guðmundur Ólason, háseti, 33 ára.  
Gunnar Valberg Laxfoss Hávarðsson, háseti, 17 ára.  
Örn Ólafsson, háseti, 22 ára.  
Kristmundur Benjamínsson, háseti, 33 ára.  
Ingimundur Sigmarsson, háseti, 31 árs.

### Þorbjörn RE 36, fórst 25. ágúst 1965

Trollbáturinn Þorbjörn RE 36 fórst 24. ágúst 1965 við Kinnaberg, með fimm mönnum, einn maður komst lífs af.

Þeir sem fórust voru:  
Guðmundur Falk Guðmundsson, skipstjóri 52 ára.  
Jón Ólafsson, vélstjóri 27 ára.  
Hjörtur Guðmundsson, háseti sonur skipst 15 ára.  
John Henderson, háseti 21 árs.  
Kaiz Imierz Walerian Gron, matsveinn 22 ára.

### Áhöfn safnskipisins Óðins föstudaginn 31. maí

Vilbergur Magni Óskarsson skipherra, Valur Jóhannesson yfirstýrimaður, Guðmundur B: Agnarsson 1. stýrimaður, Egill Þórðarson loftskytamaður, Ingólfur Kristmundsson yfirvélstjóri, Birgir Óskarsson 1. vélstjóri, Valur Kristjánsson 2. vélstjóri, Búi St. Jóhannesson tæknimaður, Leifur Ólafsson tæknimaður, Brynjar Pétursson tæknimaður, Hilmar Guðmundsson háseti, Rafn Sigurðsson háseti, Kristinn Halldórsson háseti og Sigurður Ásgrímsson háseti.

### Gestir safnskipisins Óðins föstudaginn 31. maí.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Sigurður Kr. Sigurðsson prestur, Hilmar Bragi Bárðarson, Ásgeir M. Hjálmarsson, Vigdís Hauksdóttir og Ríkharður Már Ríkharðsson.



Ljósmynd: Vigdís Hauksdóttir

### Sveinn Guðmundsson GK 315, fórst 10. september 1992

Rækjubáturinn Sveinn Guðmundsson GK 315 fórst skyndilega í sæmilegur veðri með allri áhöfn, þremur mönnum, NV-af Eldey 10. september 1992.

Þeir sem fórust voru:  
Þorsteinn Einarsson, skipstjóri, 66 ára.  
Ásmundur Steinar Björnsson, 39 ára.  
Svavar Páll Óskarsson, 53 ára.



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is







Mikill kraftur var í eldgosinu á fyrstu klukkustundum þess. Hér er horft til eldstöðvanna úr Arnarseturshrauni. VF/Hilmar Bragi

# „Höfum einfaldlega ekkert í höndunum til að segja fyrir um lokin á þessum atburðum“

segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, um eldsumbrotin við Grindavík

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir í samtali við Víkurfréttir að eldsumbrotin við Grindavík séu svipuð því sem sást í Kröflueldum, bara á öðrum tímaskala. Magnús segir engin merki hafa komið fram sem benda til þess að það dragi úr innrennsli kviku að neðan. Meðan svo er, er ekkert hægt að segja til um hve lengi þessi virkni mun standa. „Gosvirkninni sem nú er búin að vera í gangi gæti hætt í sumar, en hún gæti líka staðið í ár í viðbót. Við höfum einfaldlega ekkert í höndunum til að segja fyrir um lokin á þessum atburðum.“



## ELDSUMBROT

Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is



Hver er þín sýn á stöðuna í þessu fimmta gosi á Sundhnúkagígaröðinni?

„Nú eru liðnir sjö og hálfur mánuður síðan kvika tók að streyma að neðan undir Svartsengi. Þann 10. nóvember flæddu um 100 milljón rúmmetrar af kviku inn í ganginn sem myndaðist í þeirri miklu gliðnunarhrinu sem þá varð. Síðan hefur gosið fimm sinnum á Sundhnúkaröðinni. Gróflega metið eru komnir upp kannski 70 til 80 milljón rúmmetrar af hrauni. Gosin hafa heldur aukist með tímanum og meiri kvika komið upp í hverju þeirra. Þetta er svipað því sem sást, þó á öðrum tímaskala væri, í Kröflueldum.“

Sérðu þetta halda áfram á svipuðum nótum og síðasta gos?

„Þetta gos hefur hegðað sér svipað og síðasta gos, mjög öflugt í byrjun en síðan dregur hratt úr, eftir það fer hraunflæðið hægt lakkandi. Þess vegna rennur hraunið mun skemmri leið frá gígnum en var í upphafi. Hraunið byggist upp ekki langt frá gígnum. Reikna má með að þessi þróun haldi áfram. Hinsvegar er engin leið að sjá núna hve lengi þetta gos muni vara. Fyrstu vikuna hefur landið haldið áfram að síga á kvikusöfnunarsvæðinu undir Svartsengi-Eldvörpum. Það er breyting frá fyrri gosum. Ekki er þó ástæða til að leggja of mikið út af þessari hegðun, hún er algeng í eldgosum.“

Hvernig sérð þú framhaldið?

„Enn sem komið er hafa engin merki komið fram sem benda til þess að það dragi úr innrennsli kviku að neðan. Meðan svo er, er ekkert hægt að segja til um hve lengi þessi virkni mun standa. Það sem við vitum er að á 13.

öld urðu a.m.k. þrjú eldgos, Illahraun, Eldvörp, Arnarsetur, á um fimmtán ára tímabili. Magn kviku sem nú er komin upp er ennþá miklu minna en varð í þessum þremur gosum. Því má búast við að virkni á svæðinu verði eitthvað viðvarandi áfram, en ómögulegt er að segja hve lengi. Vera má að virkni í Fagradalsfjalli ætti að reiknast með. Ef við gerum það er nú komið upp u.þ.b. helmingur þess sem kom í gosunum á 13. öld. Gosvirkninni sem nú er búin að vera í gangi gæti hætt í sumar, en hún gæti líka staðið í ár í viðbót. Við höfum einfaldlega ekkert í höndunum til að segja fyrir um lokin á þessum atburðum.“

Nú hafa gosin farið stækkandi eftir því sem þeim hefur fjölgað. Við getum verið sammála um að síðasta gos hafi verið stærst/afmest þeirra allra. Erum við að sjá breytta hegðun?

„Gosin fara heldur stækkandi og það má skýra með því að nú er sáralítill gliðnun sem tengist gosunum. Því þarf að byggjast upp meiri þrýstingur nú en í upphafi. Þess vegna verða gosin stærri. Sprengivirknin sem við höfum séð



Hraunið rann á talsverðum hraða vestur fyrir byggðina í Grindavík og hrauntungan stöðvaðist á svipuðum slóðum og þar sem varnar- og leiðigarðarnir vestan við bæinn enda. Myndin var tekin um kl. 19 að kvöldi 29. maí. VF/Hilmar Bragi

telst minni háttar og stafaði af því að hraunið fossaði ofan í sprungu sem opnaðist og komst þar í snertingu við grunnvatnið, þá er algengt að af stað fari öflug sprengivirkni þar sem hvellsuða vatnsins tætir kvikuna í sundur. En það er engin ástæða til að ætla að við fáum raunveruleg sprengigos á þessum sprungum. Það gæti gerst ef gýs í sjó, eins og má búast við þegar gýs við Reykjanes, hvenær sem það verður. Miðað við söguna er líkleggra að það gerist eftir nokkra áratugi eða jafnvel aldri.“

Það er horft til sprungu við varnargarðinn sem myndaðist

sl. laugardag og svo er hraunrennsli í átt að Grindavíkurvegi. Eru þetta helstu ógnirnar í þessu yfirstandandi gosi?

„Það er ekki útilokað að svona hraun fari eftir sprungum sem opnast, eins og sást í janúar. Bergið er brotið upp og því geta spildur milli sprungna hníkast til, eða einfaldlega sprunga sem er fyrir orðið farvegur fyrir kviku. En það er ólíklegt að svona atburðir geti valdið umtalsverðu hraunflæði.“

Það var gríðarlegt magn sem kom upp á fyrstu klukkustundunum í gosinu og hraun sem náði langt vestur með byggðinni

í Grindavík. Og það ferðaðist langt á stuttum tíma. Varnargarðar hafa verið að halda þessu í skefjum fram til þessa. Getur þetta ekki orðið erfiðara viðureignar ef áfram safnast upp samþættilt magn kviku sem leitar á sömu slóðir?

„Ef við fáum endurtekin gos af sama tagi, með miklu hraunflæði fyrstu klukkustundirnar, getur hraunstafla byggst upp það mikið að lítil vörn verði í varnargörðunum. En þá er ekki annar kostur en að hækka garðana, byggja aðra garða innan við þá sem fyrir eru o.s.frv. Hvernig þetta endar veit enginn, en það er rétt að halda baráttunni áfram, það getur forðað gríðarlegu tjóni.“

Nú hefur Grindavíkurvegur farið undir hraun á stórum kafla sunnan við Þorbjörn. Hver er skoðun þín á að leggja veg yfir nýrunnið hraun á svona stórum kafla? Ætti þetta hraun að fá að vera óraskað og skoða þyrfti aðra veltengingar?

„Nú nýtur hraun sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum. En þegar hraunið ógnar byggðum og verðmætum geta slík almenn ákvæði ekki ráðið, enda virðist almenn samstaða um þá nálgun á málið. Hinsvegar er kannski rétt að horfa hvort leggja beri vegi annars staðar, t.d. vestan við Þorbjörn, til að vera með öruggari veltengingar.“



Hraun rennur norður fyrir Sýlingarfell og í átt að Grindavíkurvegi. Gossprungan í baksýn. VF/Isak Finnþósson



**KJÖRBÚÐIN**

**1.500** uppáhalds  
vörurnar ykkar  
á besta verðinu!

Finndu grænu punktana!

Við bjóðum **1.500 söluhæstu** vörurnar okkar  
á **lágvöruverði** og höfum nú merkt þær með  
grænum punktum í verslunum okkar.

Þú getur treyst því að vara merkt grænum  
punkti sé alltaf á sambærilegu verði og  
í lágvöruverslunum.



# Landsmót UMFÍ 50+ hefst á fimmtudag í Vogum

„Undirbúningur hefur gengið vel, hann hefur verið á fullu undanfarnar vikur en hófst í raun fyrir u.þ.b. ári,” segir Petra Ruth Rúnarsdóttir, formaður Þróttar í Vogum en félagið heldur Landsmót 50+ þetta árið. Þróttur er fyrsta félagið til að fá að halda svona landsmót og er mikill hugur í Vogabúum fyrir komandi langri helgi sem verður sneisafull af alls kyns keppnum og skemmtilegheitum.

Petra segir að margir Vogabúar komi að mótahaldinu.

„Undirbúningur hefur gengið mjög vel, við höfum fundað reglulega með framkvæmdanefndinni sem í eru þessir aðilar; fulltrúi frá kvenfélaginu, björgunarsveitinni, Ómar Bragi Stefánsson, Ragnheiður Högnadóttir og Guðmundur Jónsson frá UMFÍ, við Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri Þróttar, fyrir hönd Þróttar, Guðmundur Gunnarsson, íþrótt- og tómsundafulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Hanna Lís Hafsteinsdóttir frá Vogabæ. Þessi nefnd byrjaði að funda í október og eftir því sem nær hefur dregið sjálftu mótinu höfum við fundað oft. Við fengum að vita síðasta sumar að við hefðum hreppit hrossið og undirbúningur hófst bara strax þá að ákveðnu leyti. Okkur hefur gengið mjög vel að fá sjálfbodaliða til að starfa við mótið og undirbúningurinn hefur

m.a. snúist um að ákveða hvaða greinar eru í boði og eru nokkrar nýjungar sem við komum með, t.d. pönnukökubakstur og svo verður keppt í borðspili sem heitir Kasína. Langflestar greinarnar eru samt greinar sem alltaf er keppt í, allt frá sundi til hjólreiða og á ég ekki von á öðru en mæting verði góð í flestar greinar en mótið hefst á fimmtudag. Við byrjum í Boccia, svo er keppt í hjólreiðum og Kasínan er síðan spiluð á fimmtudagskvöld. Svo er byrjað snemma á föstudeginum og keppt til klukkan tvö á sunnudag. Inn í þetta fléttast svo alls kyns skemmtarnir, t.d. heimatónleikar á föstudagskvöldinu og ég held það sé nokkuð ljóst að allir muni geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Vogar eru frábærlega staðsettir, við erum örskot frá höfuðborgarsvæðinu og það er svipað langt út á Suðurnesin. Ég geri því frekar ráð fyrir að flestir muni keyra til síns heima eftir



ÍDRÓTTIR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



hvern dag en þykist líka vita að bærinn verði fullur af hjól- og fellihýsum, þetta verður mjög gaman. Við vonumst eftir 300+ keppendum og svo eru aðstandendur líka og við vonumst líka til að heimatónleikarnir og matarvagnarnir munu laða fólk að bænum. Vogar verða aðalstaðurinn þessa helgi og ég hef náð hagstæðum samningum við veidurguðina svo okkur er ekkert að vanbúnaði að eiga frábæra langa helgi í Vogum. Vogabúar eru mjög spenntir fyrir helginni, fjölmargir Vogabúar búa til að skrifa sig í hinar og þessar greinar, þetta verður gaman,” sagði Petra Ruth að lokum.



## Mun sexfaldur heimsmeistari verða Landsmótsmeistari? Nýlunda á Landsmóti UMFÍ 50+ að keppt verður í borðspili sem kallast Kasína.

Landsmót UMFÍ 50 ára + verður haldið í Vogum dagana 6.-9. júní og er undirbúningur Vogabúa á fullu þessa dagana. Sú nýlunda verður á mótinu að keppt verður í borðspili sem kallast kasína. Kasína er þekkt spil meðal sjómanna og verður fróðlegt að sjá hversu margir spilarar munu skrifa sig til leiks en talið er líklegt að mikill fjöldi Grindvíkinga mæti í mótið.

Til að reyna skýra út fyrir lesendum út á hvað kasína gengur var sérgreinastjóri mótsins, Ingvar Guðjónsson frá Grindavík, tekinn tali.

„Kasína er þannig að keppt er um að komast upp í 21 og er hægt að fá stig með eftirfarandi hætti; Tígul-tían gefur fimm stig, spaðatvistur gefur tvö stig, hver ás gefur eitt stig, sá sem nær fleiri spilum eftir viðkomandi gjöf fær eitt stig, sá sem nær fleiri spöðum fær eitt stig og sá sem tekur síðasta slaginn fær eitt stig. Samtals því hægt að fá fjórtán stig út úr hverri gjöf en svo er gefið aukastig fyrir hvern svipp [þegar borðið er hreinsað]. Spilað gengur út á að byggja, tíu og þristur mynda t.d. kóng, tvistur og sjöa búa til níu svo dæmi sé tekið. Hægt er að byggja ofan á byggingu andstæðingins, sem er kannski búinn að byggja tíu en mótspilarinn er með fjarka og ás og getur því sett fjarkan ofan á tíuna og byggt ás. Ásinn telur bæði sem einn og fjórtán. Oftast þarf þrjár gjafir til að útkljá sigurvegarann en ef spilarar nær öllum fjórtán stigunum jafngildir það sigri.“

Skráning er hafin og mun fyrirkomulag mótsins ráðast eftir þeim fjölda sem skráir sig til leiks. Vonir standa til að nógu margir spilarar verði svo hægt verði að skipta í riðla þar sem allir keppa við alla,

eftir það sextán manna eða átta manna úrslit, fer allt eftir fjölda þátttakenda.

Ingvar er alinn upp við þetta spil og hefur hlotnast sá heiður undanfarin ár að vera valinn á heimsmeistaramót sem alltaf fer fram á gamlársdegi. Hann vann einmitt síðasta heimsmeistaramót og hefur hampað þeim eftirsóttu titli alls tvisvar sinnum.

„Það er alþjóðleg kasínunefnd sem rankar bestu spilarana í heiminum og velur á mótið. Ég var ekki nægjanlega hár fyrstu árin og fékk því ekki keppnisrétt en með góðri frammistöðu náði ég að spila mig inn á mótið og hef unnið það tvisvar sinnum. Það er búið að halda þetta mót í u.þ.b. fimmtán skipti og ég er sá eini fyrir utan þann sigursælasta, sem hef unnið oft en einu sinni en frændi minn er mjög öflugur spilar og ber höfuð og herðar yfir aðra spilara með alls sex heimsmeistararitla.

Það verður spennandi að sjá hver mun verða fyrsti Landsmótsmeistarinn, auðvitað er sexfaldi heimsmeistarinn líklegasti sigurvegarinn en þetta er allt annað mót og hann nýtur allra þessara heimsmeistararitla ekki í Landsmótinu, það er frekar að reynsla hans muni koma að góðum notum. Sjálfur stefni ég auðvitað á sigur, ég fer ekki í neina



Ingvar alsefelli með heimsmeistararitlinum sem hann vann síðasta gamlársdag.

keppni án þess að stefna að sigri og ég finn hvernig meðbyrinn er með mér frá síðasta heimsmeistaramóti sem fór fram á Dönsku kránni að þessu sinni. Mótið hefur venjulega farið fram í Grindavík, sem talin er vagma kasínuspilsins en vegna jarðhræringanna þar varð að finna mótinu nýjan stað. Hver veit nema næsta heimsmeistaramót fari fram í Vogum,” sagði Ingvar að lokum.



Ingvar með Guðjóni föður sínum heitnum eftir heimsmeistaramótið 2018 sem Guðjón vann en Ingvar lenti í öðru sæti.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

### Störf í leik- og grunnskólum

**Akurskóli** - Forstöðumaður frístundaskóla

**Akurskóli** - Náms- og starfsráðgjafi

**Akurskóli** - Starfsfólk skóla

**Akurskóli** - Starfskraftur á kaffistofu

**Drekadalur** - Þroskaþjálfari

**Heiðarskóli** - Deildarstjóri stoðþjónustu

**Heiðarskóli** - Deildarstjóri yngsta stigs

**Heilsuleikskólinn Heiðarsel** - Leikskólakennarar

**Leikskólinn Hjallatún** - Leikskólakennari

**Njarðvíkurskóli** - Umsjónarkennari á unglíngastigi

**Stapaskóli** - Deildarstjóri stoðþjónustu

**Tjarnarsel** - Leikskólakennarar

### Önnur störf

**Velferðarsvið** - Félagsstarf fyrir eldra fólk á Nesvöllum

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
| KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026



# Blue Car Rental bakhjarl Lands- móts UMFÍ 50+

## Bílaleigan styrkir íþróttaviðburð í fyrsta sinn í Vogum

„Við höfum alltaf lagt okkur fram um að styrkja íþróttafélög og viðburði í nærsamfélaginu. Styrkur við mótið markar tímamót því þetta er í fyrsta skiptið sem við styrkjum viðburð í Vogunum,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car Rental.

Hann skrifaði á dögnum fyrir hönd bílaleigunnar undir samning sem styrktaraðili Landsmóts UMFÍ 50+, sem verður í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 6. – 9. júní. Mótið hefur verið haldið árlega um allt land og aldrei á sama stað. Mótið er nú í fyrsta sinn haldið í Vogum.

Undir samninginn skrifaði Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

### STRANDARHLAUP BLUE

Á meðal viðburða á mótinu er Strandarhlaup Blue, sem verður ein af opnum greinum mótsins. Tíu ár eru síðan blásið var í fyrsta sprettinn í því. Allir sem vilja geta tekið þátt í Strandarhlaupi Blue.

Keppt verður í tveimur aldersflokkum, 49 ára og yngri og 50 ára og eldri. Hægt er að velja á milli

tveggja vegalengda, fimm og tíu kílómetra hlaupa.

### GÓÐGERÐARFEST

Blue Car Rental hefur styrkt íþrótt- og góðgerðarfélög víða á Suðurnesjum í gegnum tíðina og haldið í nokkur ár svokallað Góðgerðarfest þar sem safnað er styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum á svæðinu og því skipt á milli góðgerðarfélaga á Suðurnesjum.

Á meðal þeirra sem hafa hlotið styrk eftir Góðgerðarfestið er Minningar sjóður Ólla, sem styrkir börn til íþróttaiðkunar sem ekki eiga kost á því, yfirleitt vegna bágrar fjárhagsstöðu forráðamanna. Sjóðurinn borgar meðal annars æfingagjöld, æfingabúnað, keppins- og æfingaferðir. Öspin, sem er miðlæg sérdeild á vegum



Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car Rental, og Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, skrifa undir samninginn.

Reykjanesbæjar, hefur sömuleiðis hlotið styrk eftir festið.

### ÞETTA ER LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ stendur yfir frá 6. – 9. júní. Boðið er upp á keppni í 20 íþróttgreinum og fjölmörgum öðrum greinum sem mótsgestir geta prófað og keppt í

við yngri þátttakendur. Heilmikil afþreying og skemmtun verður í boði á sama tíma, þrennir heimatónleikar, matar- og skemmtikvöld og ýmislegt fleira.

### Á meðal greina mótsins:

Boccia - Brennibolti - Borðtennis - Bridds - Frisbígolf - Frjálsar

íþróttir - Golf - Hjólreiðar - Kasína - Línudans - Petanque - Pílukast - Pönnukökubakstur - Pútt - Ringó - Skák - Stígvelakast - Strandarhlaup og Sund.

Hér er hægt að kynna sér allt sem er í boði er á [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

## SKIPULAGSAUGLÝSING SUÐURNESJABÆ

### Tillaga að deiliskipulagi við löngarða í Suðurnesjabæ

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti þann 5. apríl 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi löngarða í Garði, Suðurnesjabæ skv. 41. og 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Leitast er við að nýta landkosti svæðisins sem best og byggja á þeim grunni sem fyrir er en á svæðinu eru nú 27 hús, íbúðar-, atvinnu- og iðnaðarhúsnæði. Samanlögð stærð svæðisins er um 21 ha, þar af 15,2 ha athafnasvæði, 2,5 ha iðnaðarsvæði og 2,0 ha íbúðasvæði ásamt opnum svæðum. Um er að ræða 40 misstórar lóðir undir fjölbreytta athafnastarfssemi og tvær nýjar íbúðahúsalóðir.

Við gildistöku skipulagsins fellur eldra deiliskipulag við löngarða út sem var samþykkt 12. mars 1992.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 679/2024

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi efri hluta íbúðasvæðis ofan Garðvangs – Teiga- og Klapparhverfi

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2022, að auglýsa breytingu á efri hluta íbúðasvæðis ofan Garðvangs, Teiga- og Klapparhverfi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni, dags. 14. janúar 2022, felst endurskoðun á efri hluta íbúðasvæðisins með það markmið að mæta þörf fyrir minni og hagkvæmari íbúðir. Í breytti deiliskipulagstillögu af þessum hluta hverfisins er gert ráð fyrir alls 259 íbúð í 86 húsum sem er fjölgun um 118 íbúðir frá sama hluta af áður samþykktu skipulagi. Sjá svæði auðkennt ÍB9 í Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022–2034.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 683/2024

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á <https://skipulagsgatt.is/>

Umsagnarfrestur er til og með 17. júlí 2024.

Jón Ben. Einarsson,  
skipulagsfulltrúi Suðurnesjabæjar



SUÐURNESJABÆR



Reykjanes Optikk

25% afsláttur af öllu  
dagana 5.-7. júní

Tímamantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu [www.reykjanesoptykk.is](http://www.reykjanesoptykk.is)  
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptykk.is

Víkurfrettir  
verða á Landsmóti  
50+ í Vogum



Úrslit leikja og fréttir birtast á

[vf.is](http://vf.is)





**Njarðvíkingurinn Arnar Helgi Magnússon náði þeim merka áfanga að verða næstleikjahæsti leikmaður meistaraflokks Njarðvíkur þegar Njarðvík lagði Þór frá Akureyri af velli með fimm mörkum gegn einu í fimmtu umferð Lengjudeildari karla í knattspyrnu.**

# 221

**Þetta var 221. leikur Arnars Helga fyrir Njarðvík en það eru leikir í deildarkeppni, bikarkeppni og deildarbikarkeppni á vegum KSÍ sem telja. Arnar tók fram úr Ara Má Andrésyni og Bergþóri Inga Smárasyni sem hvor um sig hefur spilað 220 leiki en leikjahæstur er Kristinn Örn Agnarsson með 266 leiki.**

### Hafnfirðingur í Njarðvíkunum

Arnar er uppallinn FH-ingur en eftir annan flokkinn skipti hann yfir til Njarðvíkur. „Sá sem þjálfaði mig í öðrum flokk er úr Keflavík, Unnar Stefán Sigurðsson. Hann var að koma aftur hingað og bauð mér að koma og æfa með Njarðvík. Þá var Gummi Steinars að þjálfala liðið og ég hef eiginlega bara verið hérna síðan. Ég hef nánast engar taugar til FH lengur,“ segir Arnar.

### Mótið fer rosalega vel af stað hjá ykkur.

„Já, við getum alls ekki kvartað. Taplausir á toppnum eftir fimm leiki – en tókum bara þetta klassíkisa, einn leik í einu og horfum bara á næsta leik.“

Arnar hefur gengið í gegnum súrt og sætt með Njarðvík og fengið að kynna þvi bæði að vera í fallbaráttu og vinna deild.

„Við vorum í mjög miklum vandræðum fyrsta árið mitt með Njarðvík og vorum bara nálægt því að falla niður í þriðju deild. Náðum að bjarga okkur undir lokin og næsta tímabil flugum við upp úr deildinni mjög sannfærandi. Síðan héldum við okkar sæti mjög þægilega á tímabilinu eftir það en fórum svo niður í aðra deild aftur og vorum þar í tvö tímabil þangað til að við fórum aftur upp þegar Bjarni Jóhannsson var með okkur. Það var svo eiginlega ótrúlegt að við skildum haldast uppi á síðasta tímabili, munaði bara einu marki –

en við erum klárlega klúbbur sem á að vera í Lengjudeildinni.“

### Nú ert þú búinn að vera hérna í dágóðan tíma, finnst þér ekki klúbburinn Njarðvík vera að stækka?

„Jú, fyrst þegar ég kom var áhugamennskan miklu meiri. Það var lenskan í annarri deildinni á þeim tíma, hún var kannski svipuð því sem er í fjórðu deild núna. Þegar ég kom fyrir svona átta árum síðan voru þetta meira svona

gamlir leikmenn sem höfðu verið í Njarðvík eða Keflavík og voru bara að þessu af því þeir höfðu gaman af þessu ennþá. Það er miklu meiri metnaður núna finnst mér, bæði hér í klúbbnum og bara almennt í fyrstu og annarri deildinni. Maður finnur alveg hvað það er settur mikill metnaður í fótboltann í Njarðvík núna, þó Njarðvík sé meira körfuboltafélag í körfuboltaþæ, en svo stækkar félagið líka með stækkanði bæjarfélagi.“

Arnar útskrifaðist úr Flensborg áður en hann fór í kennaranám og starfar nú sem kennari í Setbergsskóla. Hann segir að hinn hefðbundni dagur hjá honum skiptist að mestu leyti milli starfsins og æfinga. „Svo á ég kærustu, við byrjuðum að vera saman sama sumari

### VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



og ég byrjaði með Njarðvík, og við verjum saman þeim litla frítíma sem við eigum. Við eigum hund sem við förum oft með út að labba og erum duglega að finna okkur allskonar að gera.

Við búum á Völlum í Hafnarfirði, það var alveg hugmynd á tímabili að flytja í Innri-Njarðvík en og erum búin að koma okkur vel fyrir þar. Við komumst ekki nær Njarðvík en það án þess að fara úr bænum,“ segir Arnar en kærastan hans starfar sem lögreglumaður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

### Svaðilför á Öxi

**Eins og fyrr segir hefur Arnar fengið að kynna þvi sæta og því súra á þeim tíma sem hann hefur verið með Njarðvík. Ég bið hann að segja hvað standi upp úr og sé eftirminnilegast á hans ferli með þeim grænu.**

„Sko, ég hef lent í ýmsu á mínum árum hérna. Það er úr mörgu að velja, ég hef verið á ferð um landið þar sem var keyrt á kind og núna í sumar þegar við vorum að spila á móti Dalvík og ég blekkti mótherjann með því að kalla á hann að láta boltann fara – sem er vist óþröttamannsleg hegðun. Við skorudum en það mark var dæmt af. Hins vegar er án efa eftirminnilegast tímabilið þegar við fórum fyrst upp. Þá áttum við fyrsta leik á tímabilinu úti á landi, fyrir austan á móti Huginn á Egilsstöðum af því að völlumurinn var ekki leikfær á Seyðisfirði.

Stefán Birgis, góður félagi minn, var svo flughræddur og hann ákvað að keyra. Mér finnst ekkert rosalega gaman að fljúga þannig að ég ákvað að fara með honum og við tókum tvo aðra með, Hörð markmann og Tedda sem var framherjinn okkar þá.

Við stoppuðum og gistum í bústaði kvöldið fyrir leik, sennilega á Djúpanvogi eða Breiðdalsvík, og höfðum það bara notalegt. Grilluðum og svoleiðis. Síðan leggjum við í hann daginn eftir og Stefán er við stýrið, hann ætlar að fara Öxi en tekur vitlausa beygju. Við hinir erum ekkert að pæla í þessu og við keyrum upp einhvern fjallastíg, þetta var eiginlega bara fjórhljóstigur en við höldum áfram og endum á að festa bílinn í einhverjum snjóskafli. Þurftum að grafa hann úr honum til að halda áfram að keyra, ég veit ekki hvert en við enduðum í einhverjum dal. Þá ákváðum við að snúa bara við og taka þjóðveginn.

Við snúum við og tókum eftir því að það er búíð að springa á dekki hjá okkur. Fórum út til að skipta en þá eru tvö dekk sprungin. Við hringjum bara í þjálfarana

og segjum að einhver verði að keyra á móti okkur því við séum með sprungin dekk. Við héldum ennþá að við værum á Öxi.

Við tókum töskurnar okkar og byrjum að labba upp veginn, alveg upp á heiði og endum við einhvern skotveiðikofa. Áin sem við vorum að elta endar líka og við komnir einhvert lengst upp á heiði, alltaf þegar við héldum að við værum að komast yfir heiðina þá tók bara önnur heiði við. Þannig hélt þetta áfram í svona einn og hálfan tíma.

Það var búíð að fresta leiknum um klukkutíma og við höldum áfram að þramma. Loksins komumst við yfir heiðina og þá mætti okkur straumþung á og engin brú yfir hana. Við tókum á það ráð að haldast í hendur og vaða yfir hana. Þá vorum við loksins komnir upp á Öxi.

Við stoppuðum einhverja túrista á bíl og tróðum okkur fjórir í aftursætið á einhverjum Suzuki Jimny ef mig minnir rétt. Þeir keyrðu eins og brjálaðingar þessir ferðamenn og við mættum í leikinn, hálf tími búinn og setjumst á bekkinn. Ég, Teddi og Stefán komum allir inn á í þessum leik, alveg gersamlega búinir á því.

Eftir leik þurftum við líka að koma okkur heim, sækja bílaleigubílinn. Fá bifvélavirkja til að sækja dekkinn og umfelga þau, fara svo aftur upp eftir og setja þau undir. Þannig að við lögðum ekki af stað heim fyrr en um tvö um nóttina.

Ég held að þetta sé það eftirminnilegasta sem ég hef lent í,“ segir Arnar og bætir við að lengi á eftir hafi ekki mátt minnast á þessa svaðilför án þess að hann yrði alveg brjálaður. „Ég er nýfarinn að sjá það broslega við hana,“ segir hann svo að lokum.



Ílla leikinn og alblóðugur gengur Arnar af velli í leik Njarðvíkur og Þórs á síðasta tímabili. Það má segja að hann hafi náð fram hefndum á föstudaginn þegar Þórsarar steinlögðu, 5:1, á Rafholtsvöllum í Njarðvík.





## Lokahóf kkd. UMFG haldið með pompi og prakt á Hilton

Körfuknattleiksdeild UMFG hélt lokahóf sitt á föstudagskvöldið og eðlilega var ekki hægt að halda gleðina í Grindavík og því varð veislusalurinn á Hilton fyrir valinu. Mjög góð mæting var á hófið og frábær stemning, nokkrar ræður framkölluðu tár á hvarmi hjá sumum og var mat allra að mjög vel hefði tekist til.

Ingibergur Þór Jónasson, formaður kkd. UMFG, stal má segja senunni með útspili snemma kvölds.

„Ég ákvað að endurnýja samninginn við Deandre Kane og var greinilegt á viðbrögðum stuðningsmanna að mikil gleði ríkti með þá ákvörðun. Kane er einfaldlega frábær leikmaður í mínum huga og eins og hjálparar liðsins sögu

í verðlaunaafhendingunni, hann er ekki bara besti heldur langbesti varnarmaður sem þeir hafa þjálfað og hann er nú ekki ónýtur sóknarmaður heldur. Í mínum huga er þetta einn ef ekki sá besti erlendi leikmaður sem hefur leikið á Íslandi og við erum himinlifandi með að hafa klófest hann fyrir næsta tímabil. Hann gaf út yfirlýsingu í vetur að Grindavík yrði Íslandsmeistari því hann væri í liðinu, hann komst ansi nærri því og vill koma aftur til að klára það verkefni. Nú fer vinna í gang með að manna bæði liðin og áfram munum við setja lið á parketið í báðum kynjum sem við teljum að geti farið alla leið. Danielle Rodriguez sem byrjaði með okkur sem Kani en fékk svo íslenskt ríkisfang, mun auðvitað spila með okkur áfram og þá getum við ráðið öflugan bandarískan leikmann. Ég er hjartsýnn á næstu leiktíð og geri ekki ráð fyrir öðru en sama partý haldi áfram þar sem Grindvíkingar komi saman og gleðjist.“ sagði Ingibergur.

Auddi Blö og Steindi jnr. héldu utan um veislustjórnina af röggsemi og voru ófá hlátrasköllin sem þeir náðu að framkvæma hjá Grindvíkingum. Hinn eini sanni Gummi Ben var ræðumaður



kvöldsins og félagarnir Sverrir Bergmann og Halldór Gunnar Fjallabróðir, glöddu með söng og gítarleik. Plötusnúður þeytti svo skífum inn í nóttina og allir fóru glaðir heim.

Hjá kvennaliði fengu þessir leikmenn verðlaun, Ólöf X Bergvinsdóttir mestar framfarir, fyrirlíðinn Hulda Björg Ólafsdóttir mikilvægasti leikmaðurinn og Danielle Rodriguez besti leikmaðurinn.

Hjá körlunum var hinn bráðefnilegi Arnór Tristan Helgason valinn efnilegasti leikmaðurinn, Deande Kane besti varnarmaðurinn og fyrirlíðinn Ólafur Ólafsson mikilvægasti leikmaðurinn.



## Karaoke á lokahófi körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur

Njarðvískt körfuknattleiksfolk hélt lokahóf sitt laugardagskvöldið 25. maí í sal sínum í Ljónagryfjunni og einkenndi góður matur og góður félagsskapur kvöldið. Auk þess fór fram óopinber keppni í Karaoke söng.

Rúnar Ingi Erlingsson sem var að ljúka störfum sem þjálfari kvennaliðs Njarðvíkur og er tekinn við karlakeflinu af Benedikt Guðmundssyni, var hæstánægður með kvöldið.

„Við Njarðvíkingar kunnum að gera okkur glaðan dag og það klikkaði ekki þetta kvöld. Frábær matur og ekki var félagsskapurinn síðri. Gestir gátu svo farið yfir í Bogann og tekið lagið í karaoke og ég tel nokkuð ljóst að ef um keppni hefði verið að ræða, hefði ég labbað í burtu með verðlaunin. Reyndar kom Lárus Ingi Magnússon skemmtilega á óvart með flutningi sínum á hinu frábæra og erfiða lagi Queen, Bohemian rhapsody, en frammistaða hans hefði samt að öllum líkindum ekki skákað minni og því tel ég mig óopinberan karaoke-meistara körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur,“ sagði Rúnar.

### Þessir fengu verðlaun:

#### Kvennalið Njarðvíkur:

Leikmaður ársins í deildakeppni: Emilie Hesseldal  
Leikmaður ársins í úrslitakeppni: Selena Lott  
Efnilegasti leikmaðurinn: Jana Falsdóttir  
Liðsmaður ársins: Krista Gló Magnúsdóttir

#### Karlalið Njarðvíkur:

Leikmaður ársins í deildakeppni: Mario Matasovic  
Leikmaður ársins í úrslitakeppni: Þorvaldur Orri Árnason  
Efnilegasti leikmaðurinn: Elías Bjarki Pálsson  
X-factor tímabilsins: Veigar Páll Alexandersson

# ÖFLUGIR BAKHJARLAR

## STYÐJA VIÐ DAGSKRÁRGERÐ SJÓNVARPS VÍKURFRÉTTA



ÚTVEGSMANNAFÉLAG  
SUÐURNESJA



REYKJANESBÆR  
reykjanesbaeri.is







**MYNDSKEIÐ**  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



## Mundi

Það er þá vonandi að þakið rifni ekki af húsinu í öllum lätunum ...



## Afmælistónleikar á þaki Hljómahallar

Þann 11. júní eru 30 ár frá því að Reykjanesbær varð til við sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Blásið verður til veislu í sveitarfélaginu af því tilefni sem hefst á afmælisdaginn sjálfan þriðjudaginn 11. júní. Af því tilefni verða haldnir afmælistónleikar á þaki Hljómahallar. Þar mun hljómsveitin Albatross koma fram ásamt Rögggu Gísla, Friðriki Dór, Jóhönnu Guðrúnu og Sverri Bergmann. Tónleikarnir hefjast kl. 19:00. Á svæðinu verða matarvagnar.

Það verður ekki hlaupið að því að leggja Grindavíkurveg að nýju um gamlar slóðir. Gríðarlegt magn af hrauni rann yfir svæðið þar sem vegurinn var á fyrstu klukkustundum eldgossins miðvikudaginn 29. maí sl. Auk þess að vegurinn fór undir hraun þá eyðilagðist rafstrengur sem hafði verið lagður yfir hraunið frá 14. janúar. Möstur sem héldu línunni uppi féllu eftir að hafa orðið hita og eldi að bráð. Í viðtali í Víkurfréttum í dag segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði: „Nú nýtur hraun sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum. En þegar hraunið ógnar byggðum og verðmætum geta slík almenn ákvæði ekki ráðið, enda virðist almenn samstaða um þá nálgun á málið. Hinsvegar er kannski rétt að horfa hvort leggja beri vegi annars staðar, t.d. vestan við Þorbjörn, til að vera með öruggari vegtengingar.“

## Dynkur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er meðal fegurstu sveita landsins. Þar er blómlegt mannlíf og fagrir fossar. Þar er líka Lionsklúbburinn Dynkur sem heitir í höfuð fossins. Frá því að við hjónin fluttum hingað í sveitina hefur verið hart lagt að mér að ganga í klúbbinn. Ég hef náð að þráast við með ágætis árangri, þar til um þar síðustu helgi er okkur hjónum var boðið í vorferð klúbbsins.

Farið var um sveitir Suðurlands þar sem óhefðbundinn landbúnaður var skoðaður, viskíframleiðsla Flóka og svo framleiðsla Korngrís á byggi og rúg að Gunnarsholti.

Meiningin var síðan að keyra inn Fljótshlíð, á slóðir Gunnars á Hlíðarenda. Þar sem ég sit aftarlega í rúttunni og verst fimlega tilraunum sveitunga minna við að selja mér silfurhana endar ferðin með dynki. Rútan fer út af veginum og veltur heilan hring. Lífið þeytist framhjá í augnablikum þar til rútan endar aftur á fjórum hjólum.

Því miður urðu nokkur slys á fólki en betur fór en á horfðist, þó ljóst sé að sumir munu takast á við afleiðingar slyssins í einhvern tíma. Eftir situr ótrúleg upplifun af samheldni klúbbfélaganna og svo viðbragða björgunaraðila.

Í huganum liðu bara örfáar mínútur frá því að slysið varð þar til að fyrstu björgunaraðilar birtust á svæðinu, bara sú sjón að sjá þá koma veitti mikið öruggi. Fumlaust unnu þeir verk sín, flokkuðu áverka hinna slösuðu og spurðu margoft um kennitölu og nafn til að kanna meðvitund viðkomandi.

Ég var settur í sjúkrabíl, á meðan konan fékk þyrluferð til Reykjavíkur. Frábær hjúkrunarfræðingurinn í sjúkrabílnum gerði mig tilbúinn til skoðunar, klippti utan af mér mín bestu ferðaföt og tengdi mig allskonar „meðalabrunna“ svo allt yrði sem auðveldast er komið yrði á Heilbrigðisstofnun Suður-

## LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

lands þar sem ég fékk svo frekari umönnun við meiðslum mínum.

Eftir stendur þakklæti til björgunaraðila og vissa um að allt kerfið okkar sem við gagnrýnum svo oft virkar.

# Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



**Flügger**